DEIGLA

# FYRIRTÆKJAKÖNNUN LANDSHLUTANNA

**Könnun meðal fyrirtækja sem starfa vítt og breitt um allt land**

Vífill Karlsson

***Deigla**: Rit atvinnuþróunarfélaganna, Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna*

Nr. 1 2020
Júní 2020

ISSN 2672-6459

AUSTURBRÚ SSV SSNV
Vestfjarðastofa HEKLAN SSNE Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

# EFNISYFIRLIT


1 Samantekt niðurstaðna ... 6
2 Inngangur ... 10
3 Aðferðir og fræðilegur bakgrunnur ... 11
3.1 Aðferð: Meðaltöl og frávik eftir eiginleikum fyrirtækja ... 13
3.1.1 Ferðaþjónustufyrirtæki ... 14
3.1.2 Sjávarútvegsfyrirtæki og fyrirtæki í landbúnaði ... 15
3.2 Aðferð: Meðaltal og sammála ... 15
3.3 Radar líkanið ... 16
3.4 Orðaský ... 17
3.5 Styrkleikar og veikleikar ... 17
4 Gögn ... 18
5 Landshlutagreining ... 22
5.1 Starfsmannamál – ráðningar og menntun og færni ... 22
5.1.1 Starfsfólk með ákveðna menntun ... 22
5.1.2 Starfsfólk með ákveðna færni ... 25
5.2 Staða framleiðsluþátta ... 29
5.2.1 Endurmenntun ... 29
5.2.2 Þróun vinnuferla ... 30
5.2.3 Þjálfun nýráðinna ... 32
5.2.4 Kvikir starfsmenn ... 33
5.2.5 Ný tækni ... 35
5.2.6 Tækni og starfsfólk ... 36
5.2.7 Samkeppnisstaða landshlutanna m.t.t. stöðu framleiðsluþáttanna ... 37
5.2.8 Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir ... 38
5.3 Stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni ... 52
5.3.1 Samkeppni ... 52
5.3.2 Fjöldi eigenda ... 53
5.3.3 Rekstrarráðgjöf ... 55
5.3.4 Endurskipulagning ... 56
5.3.5 Markmiðasetning ... 58
5.3.6 Aðlögunarhæfni starfsmanna ... 59
5.3.7 Seigla fyrirtækisins ... 61

5.3.8 Samkeppnisstaða landshlutanna m.t.t. stefnu fyrirtækja, uppbyggingar og samkeppni ... 63
5.3.9 Samanlögð samkeppnisstaða fyrir tvo þætti Demantslíkansins ... 64
5.4 Nýsköpun og skapandi greinar ... 65
5.4.1 Nýjar vörur ... 66
5.4.2 Menning og listir ... 67
5.4.3 Samantekt – skapandi greinar ... 69
5.5 Væntingar ... 70
5.5.1 Vænt tekjuþróun ... 70
5.5.2 Vænt útlit í efnahagsmálum að mati fyrirtækja á landsbyggðinni ... 72
5.5.3 Fjölga eða fækka fólki ... 74
5.5.4 Framleiðslutæki – fjárfestingar ... 77
6 Atvinnugreinar ... 81
6.1 Landbúnaður ... 81
6.2 Sjávarútvegur ... 85
6.3 Ferðaþjónusta ... 88
7 Niðurstöður, landfræðileg greining ... 91
7.1 Samantekt styrkleika og veikleika ... 91
8 Athyglisvert og óvænt í niðurstöðunum ... 96
8.1 Mikil breyting á útkomu sumra sveitarfélaga á milli kannanna ... 96
8.2 Betri útkoma ferðaþjónustufyrirtækja en búist var við ... 97
8.3 Breyting á eftirspurn eftir vinnuafli með sérstaka menntun og færni ... 97
8.4 Bjartsýni: Sókn er besta vörnin ... 98
8.5 Góð afkoma en hika í mannaráðningum og fjárfestingum ... 98
8.6 Skapandi greinar ... 98
9 Viðauki ... 100
9.1 Menntunarþörf tilgreind ... 100
9.2 Færniþörf tilgreind ... 103
9.3 Skilgreining landsvæða ... 107
9.4 Spurningar könnunarinnar ... 108
9.5 Stærð úrtaks með tilliti til þýðis ... 120
10 Heimildaskrá ... 121

# MYNDIR

Mynd 1: Demantslíkan Porters 11
Mynd 2: Starfsmannahald 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 13
Mynd 3: Starfsmannahald 2018 og 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 14
Mynd 4: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum? 15
Mynd 5: Staða framleiðsluþátta í landbúnaði 16
Mynd 6: Landshlutar könnunarinnar 18
Mynd 7: Menntunarþörf 2018 og 2019 22
Mynd 8: Menntunarþörf 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 23
Mynd 9: Menntunarþörf 2018 og 2019eftir landsvæðum og atvinnugreinum 24
Mynd 10: Menntunarþörf 2019 og 2018 tiltekin 24
Mynd 11: Færniþörf 2018 og 2019 26
Mynd 12: Færniþörf 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 27
Mynd 13: Færniþörf 2018 og 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 27
Mynd 14: Færniþörf 2019 og 2018 tiltekin 28
Mynd 15: Endurmenntun 2019 29
Mynd 16: Endurmenntun 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 30
Mynd 17: Þróun vinnuferla 2019 31
Mynd 18: Þróun vinnuferla 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 31
Mynd 19: Þjálfun nýráðinna 2019 32
Mynd 20: Þjálfun nýráðinna 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 33
Mynd 21: Kvikir starfsmenn 2019 34
Mynd 22: Kvikir starfsmenn 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 34
Mynd 23: Ný tækni 2019 35
Mynd 24: Ný tækni 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 36
Mynd 25: Tækni og starfsfólk 2019 36
Mynd 26: Tækni og starfsfólk 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 37
Mynd 27: Samkeppnisstaða m.t.t. stöðu framleiðsluþáttanna 38
Mynd 28: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Íslandi 39
Mynd 29: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Austurlandi í samanburði við landið allt 40
Mynd 30: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Austurlandi 41
Mynd 31: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Austurlandi í samanburði við landið allt 41
Mynd 32: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á höfuðborgarsvæðinu 42
Mynd 33: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við landið allt 42
Mynd 34: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Norðurlandi eystra 43
Mynd 35: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Norðurlandi eystra í samanburði við landið allt 43
Mynd 36: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Norðurlandi vestra 44
Mynd 37: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Norðurlandi vestra í samanburði við landið allt 44
Mynd 38: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Suðurlandi 45
Mynd 39: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Suðurlandi í samanburði við landið allt 45
Mynd 40: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Suðurnesjum 46
Mynd 41: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Suðurnesjum í samanburði við landið allt 46

Mynd 42: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Vestfjörðum 47
Mynd 43: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Vestfjörðum í samanburði við landið allt 47
Mynd 44: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Vesturlandi 48
Mynd 45: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Vesturlandi í samanburði við landið allt 48
Mynd 46: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir í sjávarútvegi 49
Mynd 47: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á sjávarútvegi í samanburði við landið allt 49
Mynd 48: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir í landbúnaði 50
Mynd 49: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir í landbúnaði í samanburði við landið allt 50
Mynd 50: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir í ferðaþjónustu 51
Mynd 51: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir í ferðaþjónustu í samanburði við landið allt 51
Mynd 52: Samkeppni 2019 52
Mynd 53: Samkeppni 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 53
Mynd 54: Fjöldi eigenda 2019 54
Mynd 55: Fjöldi eigenda 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 54
Mynd 56: Rekstrarráðgjöf 2019 55
Mynd 57: Rekstrarráðgjöf 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 56
Mynd 58: Endurskipulagning 2019 57
Mynd 59: Endurskipulagning 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 57
Mynd 60: Markmiðasetning 2019 58
Mynd 61: Markmiðasetning 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 59
Mynd 62: Aðlögunarhæfni starfsmanna 2019 60
Mynd 63: Aðlögunarhæfni starfsmanna 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 60
Mynd 64: Seigla fyrirtækisins 2019 61
Mynd 65: Seigla fyrirtækisins 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 62
Mynd 66: Samkeppnisstaða m.t.t. stefnu fyrirtækja, uppbyggingar og samkeppni 63
Mynd 67: Samanlögð samkeppnisstaða fyrir tvo þætti Demantslíkansins 64
Mynd 68: Nýjar vörur 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 66
Mynd 69: Menning og listir 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 67
Mynd 70: Menning og listir 2019 og 2018 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 68
Mynd 71: Væntar heildartekjur 2019 71
Mynd 72: Væntar heildartekjur 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 71
Mynd 73: Væntar heildartekjur 2019 og 2018 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 72
Mynd 74: Vænt efnahagsástand 2019 73
Mynd 75: Vænt efnahagsástand 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 73
Mynd 76: Vænt efnahagsástand 2019 og 2018 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 74
Mynd 77: Starfsmannahald 2018 og 2019 74
Mynd 78: Starfsmannahald 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 75
Mynd 79: Starfsmannahald 2018 og 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 76
Mynd 80: Fyrirhugaðar breytingar á starfsmannahaldi 2018 og 2019 eftir landshlutum 77
Mynd 81: Fjárfestingar 2019 og 2018 78
Mynd 82: Fjárfestingar 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 79
Mynd 83: Fjárfestingar 2018 og 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum 79
Mynd 84: Fyrirhugaðar breytingar á fjárfestingum 2018 og 2019 eftir landshlutum 80
Mynd 85: Staða framleiðsluþátta í landbúnaði 81
Mynd 86: Stefna fyrirtækja í landbúnaði, uppbygging og samkeppni í landbúnaði 82
Mynd 87: Væntingar í landbúnaði 82
Mynd 88: Væntingar í landbúnaði, breyting á milli kannana 83

Mynd 89: Nýsköpun í landbúnaði, skapandi greinar og fleira ..... 83
Mynd 90: Nýsköpun í landbúnaði, skapandi greinar og fleira, breyting á milli kannana ..... 84
Mynd 91: Staða framleiðsluþátta í sjávarútvegi ..... 85
Mynd 92: Stefna fyrirtækja í sjávarútvegi, uppbygging og samkeppnií sjávarútvegi ..... 85
Mynd 93: Væntingar í sjávarútvegi ..... 86
Mynd 94: Væntingar í sjávarútvegi, breyting á milli kannana ..... 86
Mynd 95: Nýsköpun í sjávarútvegi, skapandi greinar og fleira ..... 87
Mynd 96: Nýsköpun í sjávarútvegi, skapandi greinar og fleira, breyting á milli kannana ..... 87
Mynd 97: Staða framleiðsluþátta í ferðaþjónustu ..... 88
Mynd 98: Stefna fyrirtækja í ferðaþjónustu, uppbygging og samkeppni í ferðaþjónustu ..... 88
Mynd 99: Væntingar í ferðaþjónustu ..... 89
Mynd 100: Væntingar í ferðaþjónustu, breyting á milli kannana ..... 89
Mynd 101: Nýsköpun í ferðaþjónustu, skapandi greinar og fleira ..... 90
Mynd 102: Nýsköpun í ferðaþjónustu, skapandi greinar og fleira, breyting á milli kannana ..... 90
Mynd 103: Þátttaka á Austurlandi eftir grófri atvinnugreinaskiptingu 2018 og 2019 ..... 97

# TÖFLUR

Tafla 1: Yfirlit þýðis og fjölda svara eftir landshlutum 2019 ..... 19
Tafla 2: Yfirlit fjölda þátttakenda eftir landshlutum 2019 og 2018 ..... 19
Tafla 3: Fjöldi þátttakenda eftir atvinnugreinum 2019 og 2018 ..... 20
Tafla 4: Yfirlit fjölda svara eftir grófflokkuðum atvinnugreinum 2019 og 2018 ..... 21
Tafla 5: Mesta aukning og samdráttur í menntunarþörf ..... 25
Tafla 6: Mesta aukning og samdráttur í færniþörf ..... 28
Tafla 7: Skapandi greinar metnar eftir landshlutum með raðtölueinkunn ..... 69
Tafla 8: Skapandi greinar metnar eftir landshlutum með hlutfallseinkunn ..... 69
Tafla 9: Yfirlit styrkleika og veikleika einkunn landshlutanna 2018 ..... 92
Tafla 10: Yfirlit styrkleika og veikleika einkunn landshlutanna 2019 ..... 92
Tafla 11: Styrkleika og veikleika einkunnir landshlutanna 2019 ..... 93
Tafla 12: Raðtölueinkunn landshlutanna 2019 ..... 94
Tafla 13: Yfirlit raðtölueinkunn landshlutanna 2019 ..... 95
Tafla 14: Yfirlit breytinga á sætaskipan landsvæða milli kannanna ..... 96
Tafla 15: Menntunarþörf tilgreind í opinni spurningu ..... 100
Tafla 16: Færniþörf tilgreind í opinni spurningu ..... 103
Tafla 17: Skilgreiningar landsvæða m.t.t. sveitarfélaga og landshluta ..... 107
Tafla 18: Stærð úrtaks og þýðis ..... 120

# 1 Samantekt niðurstaðna

Hér fer samantekt á niðurstöðum spurningakönnunar, sem var lögð fyrir fyrirtæki allra landshluta í nóvember 2019 og stóð yfir til loka janúar 2020. Flest fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu í könnuninni störfuðu líka á landsbyggðinni. Rúmlega 1.600 fyrirtæki tóku þátt. Þátttakan hefði mátt vera meiri víða einkum á Reykjanesi og skulu niðurstöður því túlkaðar af varfærni.

Samantektin fjallar fyrst um nokkra markverða hluti og síðan hvað stóð út úr í viðkomandi landshlutum.

**Markverðast í mjög stuttu máli**

- Fyrirtæki bera sig almennt vel. Fleiri hyggjast ráða en reka.
  - Atvinnuhorfur versna þó á öllum landsvæðum milli áranna 2018 og 2019 nema á Vestfjörðum.

- Fleiri hyggjast fjárfesta (29%) en selja frá sér eignir eða losa sig við rekstrarfjármuni á annan hátt (10%).
  - Það dregur mest úr þeim áformum á milli áranna 2018 og 2019 á Suðurnesjum.

- Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu voru varkárust í mannaráðningum og fjárfestingum.
  - Það var niðurstaðan líka í fyrri könnun árið 2018 þrátt fyrir bestu afkomu þeirra þegar fyrirtækin voru flokkuð eftir landshlutum. Árið 2019 var afkoman þó rétt yfir meðallagi góð.

- Vöntun var á fólki með sérstaka menntun eða færni.
  - Þar vantaði frekar iðnaðarmenn en háskólafólk, einkum trésmiði. Af háskólafögum vantaði helst viðskiptafræðinga og markaðsfræðinga. Helst vantaði fólk sem gat unnið sjálfstætt þegar horft var til færniþátta sem og fólk með söluhæfileika.

- Fleiri búast við samdrætti í eigin tekjum en þeir sem búast við aukningu.
  - Þar versna horfurnar lítið eitt á milli ára.

- Fleiri telja efnahagshorfurnar neikvæðar en jákvæðar.
  - Þó voru menn neikvæðari árið 2018 en 2019.

- Mikil breyting var á heildarútkomu sumra sveitarfélaga á milli kannanna.
  - Austurland hækkaði um sex sæti og kom best út árið 2019 og höfuðborgarsvæðið um fjögur sæti og varð annað í röðinni. Þá lækkuðu Suðurnes um fimm sæti og höfnuðu í þriðja neðsta sæti.

- Ferðaþjónustan bar sig mun betur en búist var við.
  - Afkoman virtist heilt yfir ekki vera mikið lakari en í öðrum greinum en mikill munur var á milli landsvæða – verst á sunnan og vestanverðu landinu.

- Flest voru fyrirtækin í skapandi greinum á Austurlandi og höfuðborgarsvæðinu.

## LANDSHLUTAR

- Austurland
    - Austurland kom lang best út úr heildareinkunn landshlutanna sama hvor aðferðin var notuð. **Styrkleikar** Austurlands fólust aðallega í sýn þeirra á að taka nýja tækni í þjónustu sína (Mynd 24). Þá mældist landshlutinn nokkuð hátt þegar spurt var út í þróun vinnuferla (Mynd 18), þjálfun nýráðinna (Mynd 20) og hversu kvikir starfsmenn þeirra eru (Mynd 22) og seiglu fyrirtækjanna (Mynd 65). **Veikleikana** í landshlutanum var hins vegar að finna í aðlögunarhæfni starfsmanna (Mynd 63) og þörf fyrir rekstrarráðgjöf (Mynd 57).
    - Þegar horft var til annarra **styrkleika** en þeirra sem tengjast Demantslíkaninu þá var það þróun heildartekna á milli kannanna (Mynd 73) sem kom best út hjá austfirskum fyrirtækjum, horfur í efnahagsmálum (Mynd 75), fjárfestingavilji (Mynd 82), mannaráðningar (Mynd 78) og breytingar á mannaráðningum milli kannanna (Mynd 79). Þá var þörfin fyrir starfsfólk með sérstaka færni talin til styrkleika (Mynd 12). Austurland var líka sterkt í nýsköpun (Mynd 68) og hvernig viðhorfið gagnvart horfum í efnahagsmálum þróaðist á milli kannanna (Mynd 75).
- Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu
    - **Styrkleikar** fyrirtækja af höfuðborgarsvæðinu samanborið við fyrirtæki á landsbyggðinni voru mjög víða í Demantslíkaninu en sérstaklega er varðar endurmenntun (Mynd 16), þróun vinnuferla (Mynd 18), markmiðasetningu (Mynd 61) og seiglu þeirra (Mynd 65). **Veikleikar** fyrirtækjanna af höfuðborgarsvæðinu voru hins vegar mun færri en fólust aðallega í lítilli þörf fyrir rekstrarráðgjöf (Mynd 57) og lítilli aðlögunarhæfni starfsmanna (Mynd 63). Þó getur fyrri veikileikinn verið vitnisburður um styrkleika þó svo hann hafi verið dreginn upp sem veikleiki í tengslum við Demantslíkanið.
    - Aðrir **styrkleikar** fyrirtækja af höfuðborgarsvæðinu voru hátt vægi menningar og lista í tekjum fyrirtækjanna (Mynd 69) sem og hvernig það þróaðist með jákvæðum hætti á milli kannanna (Mynd 70) ásamt menntunar- (Mynd 8) og færniþörf fyrirtækjanna (Mynd 12) sem og þróun þess á milli kannanna (Mynd 9 og Mynd 13). **Veikleikar** voru helst er varðar tregðu við mannaráðningar (Mynd 78), fjárfestingar (Mynd 82) og þróun fjárfestingavilja á milli kannanna (Mynd 83). Þá þróuðust horfur í tekjum fyrirtækja einnig illa á milli kannanna (Mynd 73).
- Norðurland eystra
    - Engir áberandi styrkleikar fundust innan Demantslíkansins á þessu landsvæði. Þeir helstu voru þjálfun nýráðinna (Mynd 20), kvikir starfsmenn (Mynd 22) og hvort líklegt væri að ný tækni kæmi í stað starfsmanna (Mynd 26). Einnig samkeppni (Mynd 53) og seigla fyrirtækjanna (Mynd 65). **Veikleikar** voru hins vegar í þróun vinnuferla (Mynd 18), kvikum starfsmönnum (Mynd 22) og nýrri tækni (Mynd 24). Þá er markmiðasetning lítið notuð (Mynd 61).
    - Á Norðurlandi eystra fólust **styrkleikar** svæðisins utan Demantslíkansins í sýn fyrirtækjanna á hagþróun hérlendis, (Mynd 75) en þó sérstaklega breyting á því viðhorfi milli kannanna (Mynd 76). **Veikleikar** voru helst þörfin fyrir starfsmenn með sérstaka færni (Mynd 12).

- Norðurland vestra
  - Hugur fyrirtækjanna á Norðurlandi vestra til rekstrarráðgjafar (Mynd 57) var einn tveggja **styrkleika** landshlutans þar sem þeir höfnuðu í efsta sæti að þessu leyti. Þá þótti aðlögunarhæfni starfsmanna hvergi meiri en þar (Mynd 63). En **veikleikarnir** voru mun fleiri en styrkleikarnir í þessum landshluta. Það verður vísað til samantektarinnar í töflum í skýrslunni (Tafla 11 og Tafla 12).
  - Þættir utan Demantslíkansins sem töldust til **styrkleika** var sýn fyrirtækjanna á þróun sinna tekna (Mynd 72) sem og hvernig sú afstaða þróaðist á milli kannanna (Mynd 73). Síðan var breytingin á milli kannanna er varðar þörf fyrir fólk með sérstaka færni jákvæð (Mynd 13). **Veikleikarnir** tengdust helst nýsköpun bæði hvað varðaði nýjar vörur (Mynd 68) sem og menningu og listir (Mynd 69). Einnig var þörfin fyrir menntað vinnuafl (Mynd 8) lítil í samanburði við aðra landshluta og því talinn veikleiki.
- Suðurland
  - Innan Demantslíkansins voru **styrkleikarnir** helstir í samkeppni meðal fyrirtækja (Mynd 53), fjölda eigenda (Mynd 55), rekstrarráðgjöf (Mynd 57) og seiglu fyrirtækjanna (Mynd 65). **Veikleikar** voru þörf fyrir endurskipulagningu (Mynd 59) sem og viljinn til að senda starfsfólk í endurmenntun (Mynd 16), hvort starfsmenn séu kvikir eða röggsamir (Mynd 22) og hvort fyrirtækin sjái fyrir sér að taka nýja tækni (Mynd 24) í þjónustu sína.
  - Utan líkansins þá voru fjárfestingar (Mynd 82) **styrkleikar** en **veikleikar** nýjar vörur (Mynd 68), breyting á væntri hagþróun (Mynd 76) og breyting á menntunarþörf (Mynd 9).
- Suðurnes
  - Innan Demantslíkansins voru **styrkleikar** Suðurnesja helst í því að starfsmenn voru kvikastir (Mynd 22), ólíklegast þótti að ný tækni myndi ryðja starfsmönnum úr vegi (Mynd 26) og samkeppni var mest meðal landshlutanna (Mynd 53). **Veikleikar** voru ekki áberandi en helst var þá að finna í lítilli þörf fyrir rekstrarráðgjöf (Mynd 57).
  - **Styrkleikar** Suðurnesja utan Demantslíkansins fólust í nýsköpun (Mynd 68) en **veikleikarnir** voru mun fleiri en innan Demantslíkansins. Þar má telja til heildartekjur (Mynd 72) og þróun þeirra (Mynd 73) ásamt almennum horfum í efnahagsmálum (Mynd 75). Einnig breyting í starfsmannahaldi (Mynd 79) og fjárfestingum (Mynd 83) á milli kannanna.
- Vestfirðir
  - **Styrkleikar** Vestfjarða innan Demantslíkansins fólust helst í fjölda eigenda fyrirtækjanna (Mynd 55) og þörfinni fyrir rekstrarráðgjöf (Mynd 57).
    **Veikleikarnir** voru fleiri og tengdust markmiðasetningu (Mynd 61), endurmenntun (Mynd 16), þjálfun nýráðinna starfsmanna (Mynd 20), hvort ný tækni leysti mannshöndina af hólmi (Mynd 24) og seiglu fyrirtækjanna (Mynd 65).

- Utan Demantslíkansins voru **styrkleikarnir** helst heildartekjur fyrirtækjanna (Mynd 72), menntunarþörf (Mynd 8) og breyting á menntunarþörf milli kannanna (Mynd 9). Einnig hugmyndir um breytingar í starfsmannahaldi (Mynd 79) og munur þess á milli kannanna (Mynd 80). Þá þróaðist hugur til fjárfestinga í jákvæða átt á milli kannanna (Mynd 83) og þörfin fyrir menntað starfsfólk (Mynd 9). **Veikleikar** Vestfjarða utan Demantslíkansins voru breyting á nýtingu menninga og lista í þágu atvinnulífsins (Mynd 70), sýn fyrirtækjanna á stöðu landsins í efnahagsmálum (Mynd 75) sem og breyting á þeirri afstöðu milli kannanna (Mynd 76). Þá gaf þörfin fyrir starfsmenn með sérstaka færni eftir á milli kannanna (Mynd 13).

- Vesturland
  - Á Vesturlandi voru **styrkleikar** svæðisins ekki áberandi þegar horft var til Demantslíkansins en helst voru þeir í markmiðasetningu (Mynd 61) og aðlögunarhæfni starfsmanna (Mynd 63). **Veikleikar** voru hins vegar meira áberandi. Þeir tengdust seiglu fyrirtækjanna (Mynd 65), fjölda eigenda (Mynd 55) og takmarkaðri samkeppni (Mynd 53).
  - Utan Demantslíkansins voru **styrkleikar** á Vesturlandi helst nýting á menningu og listum í þágu atvinnulífsins (Mynd 69) og hvernig sá þáttur breyttist á milli kannanna (Mynd 70). **Veikleikar** voru helst þörfin fyrir fólk með sérstaka færni (Mynd 12) og síðan þörfin fyrir starfsfólk með sérstaka menntun (Mynd 8), heildartekjur fyrirtækjanna (Mynd 72) og hvernig horfur í starfsmannamálum breyttust á milli kannanna (Mynd 79).

# 2 INNGANGUR

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa frá árinu 2013 gert fyrirtækjakönnun á hverju ári til að kanna viðhorf atvinnulífsins til ýmissa mikilvægra mála og fylgst með þróun viðhorfanna frá einum tíma til annars. Könnuninni hefur einnig ætlað að vera innlegg í byggðaþróun á Vesturlandi og munu gögnin geta nýst í frekari rannsóknir á því sviði.

Eftir nokkrar skoðanakannanir á Vesturlandi var ákveðið að bjóða öðrum landshlutum[1] utan höfuðborgarsvæðisins að vera með[2]. Það þáðu þeir allir og er þessi skýrsla samantekt og samanburður á þessum landshlutum. Þar sem þetta samstarf verður að teljast vel heppnað var höfuðborgarsvæðinu boðið með haustið 2019. Það skilaði ekki nægjanlega mikilli þátttöku en reynt verður að bæta þar úr.

Meginmarkmið könnunarinnar var að draga fram afstöðu forsvarsmanna fyrirtækja einstakra landshluta til ýmissa þátta sem telja má meðal mikilvægustu rekstrarþátta fyrirtækja. Þó er þessi könnun það löng að henni er í raun skipt í fjóra aðskilda hluta. Hún er framkvæmd einu sinni á ári en það þarf fjögur ár til að klára hana. Sumar spurningar könnunarinnar eru það mikilvægar að okkar mati að þær eru settar fram á hverju ári. Nánar verður fjallað um könnunina hér á eftir undir kaflanum Aðferðir. Spurningalista könnunarinnar má síðan finna í viðauka skýrslunnar.

Í skýrslunni er annars gerð bæði nokkuð hefðbundin grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar, eins og t.a.m. í súluritum, ásamt óhefðbundinni samanburðartölfræði sem útskýrð verður sérstaklega í hverjum kafla. Þess utan eru stundum gerðar dýpri og flóknari greiningar til frekari glöggvunar.

Í næsta kafla verður greint frá vinnsluferli könnunarinnar og bakgrunni, aðferðum og úrvinnslu.

Athygli skal strax vakin á því að spurningakönnunin var lögð fyrir í nóvember 2019 og stóð yfir til loka janúar 2020. Margt hefur breyst síðan þá, eins og Covid faraldurinn er dæmi um, þó svo menn hafi líka átt von á ýmsum áskorunum. Það var t.d. vitað að erfiðir kjarasamningar væru framundan og teikn voru á lofti gagnvart ferðaþjónustu um að þar myndi vöxturinn verða mun minni en á undanförnum árum. Nú horfir illa í efnahagsmálum þjóðarinnar og víða um heim eftir að faraldurinn fór að geysa.

Skýrslan var unnin af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). Höfundur hennar er Vífill Karlsson. Spurningakönnunin var þróuð í samstarfi allra atvinnuþróunarfélaga og landshlutasamtaka og byggði á vinnu sem var þegar hafin hjá SSV. Atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök hvers landshluta tóku saman fyrirtækjalista og sendu könnunina til þeirra. Verkefnið allt er samstarfsverkefni allra atvinnuþróunarfélaga og landshlutasamtaka á landinu og Byggðastofnunar.

[1] Landshlutarnir eru átta: Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Skilgreining þeirra hér m.t.t. sveitarfélaga er sú sama og hjá Hagstofu Íslands.

[2] Þau fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu sem voru með 2018 komu í gegnum landshlutasamtök utan höfuðborgarsvæðisins og vegna þess að þau starfa í viðkomandi landshlutum eins og verslanir, hótelkeðjur o.fl.

# 3 AÐFERÐIR OG FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

Spurningakönnun, sem var netkönnun, var lögð fyrir fyrirtæki allra landshluta nema höfuðborgarsvæðisins. Könnunin var lögð fyrir í nóvember 2019 og stóð yfir til loka janúar 2020. Atvinnuþróunarfélögin og landshlutasamtökin fengu hvert um sig lista yfir fyrirtæki í landshlutunum frá Credit-info. Þar var að finna netföng yfir hluta þeirra og réðust landshlutasamtökin í vinnu við að finna þau netföng sem vantaði. Síðan þótti ástæða til að bæta við fyrirtækjum sem vantaði inn á lista Credit-info. Fyrirtæki með lögheimili í einum landshluta en mikla starfsemi í öðrum gat verið dæmi um slíkt. Þar má nefna Bónus eða Húsasmiðjuna sem dæmi. Landshlutasamtökin lögðu í mikla vinnu við að ná inn fyrirtækjum sem starfa í landshlutunum en hafa lögheimili í öðrum. Oft eru þetta fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu og virðist sem þetta geti verið algengara í aðliggjandi landshlutum höfuðborgarsvæðisins en þeim sem fjær eru.

Áður en úrvinnsla könnunarinnar fór fram var farið vel yfir svör við fyrstu spurningu könnunarinnar. Í þeirri spurningu voru þátttakendur upplýstir um hvernig unnið yrði úr gögnunum og í hvaða vinnu þau yrðu nýtt (sjá orðrétt spurningalista í viðauka) og þeir síðan beðnir um samþykki fyrir því að þeirra svör yrðu nýtt þannig. Svörum þeirra sem merktu við „nei“ var hent út úr safninu áður en vinnsla fór fram.

Úrvinnsla könnunarinnar í þessari skýrslu verður þannig að gögnin verða sett fram í stöplaritum þar sem annaðhvort einföld meðaltöl eða hlutföll verða birt – þ.e. fjöldi eða hlutföll þeirra forsvarsmanna fyrirtækja sem svöruðu spurningum með einum eða öðrum hætti. Þá verður reynt að brjóta svörun upp eftir atvinnugreinum og landshlutum. Líkan reglulegra viðbragða (e. ordered response model) verður síðan nýtt til þess sem kallað er djúpgreining hér. Atvinnugreinarnar miðuðust við atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar, ÍSAT 2008 (sjá betur síðar). Þá var landinu skipt upp í átta mismunandi svæði sem miðast við kjördæmin gömlu og landshlutaskiptingu atvinnuþróunarfélaganna og landshlutasamtakanna.

Fyrir utan hefðbundna áhugaverða þætti um fyrirtæki eins og afkomu til lengri og skemmri tíma og væntar breytingar í starfsmannahaldi tók upplýsingasöfnun mið af Demantslíkani Porters sem stundum er kallað Þjóðardemanturinn (Porter, 1990).




**Mynd 1: Demantslíkan Porters**

Þjóðardemantur Porters greinir samkeppnisstöðu þjóðar. Samkeppnisstaða þjóðar fjallar ekki um það hvernig þjóðir keppa hver við aðra líkt og fyrirtæki gera, heldur fjallar samkeppnisstaða þjóðar miklu fremur um það hvernig aðstæður í þjóðfélaginu styðja við tilteknar atvinnugreinar, með beinum eða óbeinum hætti.

Þó Porter noti þetta líkan til þess að greina samkeppnisstöðu þjóðar þá getur hann þess einnig að líkanið sé ágætt til þess að greina samkeppnisstöðu einstakra landshluta eða svæða[3].

Eins og sést á mynd af Demantslíkani Porters þá hafa fjórir þættir bein áhrif á samkeppnisstöðu þjóðar:

- staða framleiðsluþátta
- staða eftirspurnar
- stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni
- skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar

Þess utan hafa stjórnvöld og tækifæri einnig veruleg áhrif en með óbeinum hætti þó eða öllu heldur í gegnum þættina fjóra.

Greining á *stöðu framleiðsluþátta* byrjar á því að tilgreina framleiðsluþættina. Þeir eru greindir niður eftir hreyfanleika, hversu sértækir þeir eru, hvort stöðug endurnýjun og þróun þeirra sé í gangi svo eitthvað sé nefnt.

Með *stöðu eftirspurnar* er í grófum dráttum reynt að varpa ljósi á það að hvað miklu marki kaupendur eða viðskiptavinir hvetja framleiðslugreinarnar til dáða.

Það má segja að þátturinn *stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni* fjalli um það hvernig eigendur fyrirtækjanna og ytri markaðsaðstæður þrýsti á stjórnendur þeirra og hvetji þá þannig til stöðugrar hagræðingar og sóknar á arðbærari viðskiptatækifæri.

*Skyldar atvinnugreinar og stuðningsgreinar* mynda sterkt net sem getur haft hag af því að skiptast á upplýsingum, sameinast um þróunarvinnu og skiptast á viðskiptasamböndum svo eitthvað sé nefnt. Með þessu getur myndast afar skapandi og hvetjandi samfélag í tilteknum atvinnuklasa.

Eins og áður sagði er tvennt annað sem hefur áhrif á samkeppnisstöðu samfélags. Það eru tækifæri og stjórnvöld. Tækifæri eru skyndilegar ytri breytingar á högum samfélags. Þær geta bæði leitt til góðs og ills. Dæmi um þessar breytingar er iðnbyltingin, síðari heimstyrjöldin og tölvuþróunin sem allar veittu íslenska hagkerfinu tækifæri til þess að ná bættri samkeppnisstöðu. Aðrar breytingar gætu verið móðuharðindin og fall Lehman Brothers í september 2008 en það voru skyndilegar neikvæðar „ytri breytingar“ sem rýrðu afkomumöguleika þjóðarinnar og þá einnig samkeppnisstöðu hennar. Í dag spyrja menn sig síðan hvaða tækifæri felast í þróun gervigreindar.

Stjórnvöld hafa áhrif á samkeppnisstöðu þjóðar. Með ákvörðunum sínum geta stjórnvöld bæði stuðlað að betri og verri samkeppnisstöðu þjóðarinnar. Það er ekki langt síðan margir voru þeirrar skoðunar að bein afskipti hins opinbera af atvinnulífinu bættu samkeppnisstöðu þjóða. Nú eru menn almennt á því að óbein afskipti skili meiri árangri. Dæmi um óbein afskipti er lagasetning

[3] Í þessari skýrslu er talað bæði um landshluta og landsvæði. Landshlutarnir eru 8 en landsvæðin 22. Skilgreint betur í kaflanum um gögnin.

sem stuðlar að eðlilegri samkeppni á sem flestum mörkuðum á meðan bein afskipti eru þegar hið opinbera veitir atvinnulífinu eða einstökum atvinnugreinum styrki.

Þjóðardemanturinn gerir þó ráð fyrir að tækifæri og stjórnvöld hafi áhrif á samkeppnisstöðu samfélags í gegnum þættina fjóra.

## 3.1 Aðferð: Meðaltöl og frávik eftir eiginleikum fyrirtækja

Hér verður gerð grein fyrir myndrænni framsetningu gagnanna. Hún er í súluritum. Hver súla stendur fyrir meðaltal landshluta. Síðan er þeim raðað eftir stærð þannig að sú stærsta er lengst til vinstri og minnsta lengst til hægri. Síðan er afstaða fáeinna hópa dregin sérstaklega út. Það eru svör fyrirtækja í landbúnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu sem eru sennilega þrjár mannaflsfrekustu landdreifðu atvinnugreinarnar og því á vissan hátt kjölfesta atvinnulífs víða um land. Þar verður hins vegar að taka frávikin með miklum fyrirvara þegar þau eru tekin sérstaklega út fyrir landshlutana vegna þess hve fáir svöruðu, sérstaklega í sjávarútvegi. Á myndinni sést að landbúnaður er merktur með rauðum kassa sem er ekkert ósvipaður norska fánanum með bláum krossi yfir (eða rauðum jólapakka með bláum borða). Þá er sjávarútvegurinn einkenndur með bláum tígli og ferðaþjónustan rauðu þverstriki.




**Mynd 2: Starfsmannahald 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**

Takið eftir því að lóðrétti ás myndarinnar hleypur á gildunum 1 til 5 eða öðru gildi sem tekið er fram neðanmáls í myndatexta. Ef hann er á þrengra bili þá er um nærmynd að ræða (e. zoom in)

til þess að draga fram breytileikann. Svo eru sett lýsandi orð við ásinn til aðstoðar við aflestur og túlkun myndarinnar.

Í sumum spurningum eru til svör úr fyrri könnuninni (2018). Þá voru gerðar samanburðarmyndir þar sem reiknuð voru frávik á milli kannanna til að sýna breytinguna. Þær myndir eru með bláum súlum til aðgreiningar (Mynd 3).




**Mynd 3: Starfsmannahald 2018 og 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**

Í þeim myndum var súlunum ekki raðað frá þeirri hæstu til þeirrar lægstu heldur bara í stafrófsröð landshlutanna. Gildið á lóðrétta ásnum eru breytingar á milli kannanna í prósentustigum[4].

### 3.1.1 Ferðaþjónustufyrirtæki

Þegar fyrirtæki var skilgreint sem ferðþjónusta var horft til svars þeirra við tveimur eftirfarandi spurningum:

- *Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til ferðamanna?*
- *Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af sölu á vörum og/eða þjónustu til fyrirtækja í ferðaþjónustu?*

Fyrirtæki sem svaraði því til að það væri með meira en helming tekna sinna af ferðamönnum og ferðaþjónustufyrirtækjum var flokkað sem ferðaþjónustufyrirtæki. Þar er átt við að ef sameiginleg tala úr báðum þessum spurningum skilaði 51% eða meira þá var það talið sem ferðaþjónustu-fyrirtæki. Þetta er breyting frá því sem var í fyrirtækjakönnuninni 2015 en þá þurfti þetta hlutfall

[4] Til útskýringar þá er breytingin á 3% upp í 6% þrjú prósentustig en 100 prósent.

að fara yfir 51% í annarri hvorri spurningunni en ekki samtala þeirra. Í öllum samanburði á milli kannannanna árin 2018 og 2019 var nýja skilgreinigin notuð fyrir ferðaþjónustufyrirtæki.

### *3.1.2 Sjávarútvegsfyrirtæki og fyrirtæki í landbúnaði*

Sjávarútvegur voru þau fyrirtæki sem merktu sig við fiskveiðar eða fiskvinnslu í atvinnugreinaflokkuninni. Sama gildir um landbúnaðinn en það var flokkurinn landbúnaður og skógrækt eins og sést í upptalningunni þar. Hér er fiskeldi hvorki inni í landbúnaði eins og í ÍSAT-flokkuninni og eða sjávarútvegi.

## 3.2 Aðferð: Meðaltal og sammála

Sums staðar átti vel við og var upplýsandi að stilla niðurstöðum landsvæðanna upp í tvívíða mynd þar sem meðaltal svarsins var að finna á lóðrétta ásnum (y-ásnum) og kennitölu fyrir því hversu þátttakendur væru sammála þeirri niðurstöðu á lárétta ásnum (x-ásnum) eins og sjá má dæmi um í næstu mynd (Mynd 4).




**Mynd 4: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?**

Þessi framsetning bætti því nokkru við súluritin á þann hátt að ef þátttakendur voru ekki mjög sammála um niðurstöðuna var kannski minni hætta á ferðum ef útkoman (viðkomandi meðaltal) var neikvæð fyrir samfélagið en minni ávinningur í væ ndum ef útkoman var jákvæð fyrir samfélagið.

Kennitalan fyrir sammála var reiknuð þannig að staðalfrávik var reiknað. Æskilegt þótti út frá greiningarlegu tilliti að gildi kennitölunnar hækkaði eftir því sem þátttakendur voru meira sammála. Þar sem lágt staðalfrávik bendir til að svör séu líkari en fyrir svör með háu staðalfráviki var ákveðið að spegla staðalfrávikið þannig að ef kennitalan hækkaði þá voru þátttakendur meira sammála. Það var gert svona:

$$s_i = D_{max} - d_i$$

Kennitalan fyrir því hvort þátttakendur væru sammála, $s$, á hverju landsvæði, $i$, í tiltekinni spurningu var því fundin þannig að staðalfrávik hvers landsvæðis, $d_i$, var dregið frá hæsta mögulega staðalfráviki, $D_{max}$.

## 3.3 Radar líkanið

Samantektin fyrir atvinnugreinarnar byggir á líkani sem hefur verið kennt við radar eða köngulóa-vef. Það virkar þannig að við hvert horn líkansins er ás fyrir tiltekinn undirþátt. Tilteknir þættir eiga meira við atvinnugreinarnar þeim mun nær sem línan er horni viðkomandi þáttar en nánar um það hér fyrir neðan myndina. Sex myndir eru fyrir hverja atvinnugrein og í þessari röð:

1. Staða framleiðsluþátta
2. Stefna fyrirtækja í atvinnugreininni, uppbygging og samkeppni
3. Væntingar
4. Breytng væntinga á milli kannanna 2018 og 2019
5. Nýsköpun
6. Breyting nýsköpunar á milli kannanna 2018 og 2019

Hér er staða framleiðsluþátta sýnd fyrir landbúnaðinn (Mynd 5). Á henni sést að endurmenntun er að jafnaði minni í landbúnaði en annars staðar í atvinnulífinu. Það sama gildir um alla aðra undirþætti stöðu framleiðsluþátta nema tækni og starfsfólk þar sem munurinn er hverfandi lítill.




**Mynd 5: Staða framleiðsluþátta í landbúnaði**

Hver þáttur fékk einkunn hér. Einkunnin gat hlaupið á 1 til 5 eða 7 allt eftir því hvernig spurningin var byggð upp og er það skalinn á radar líkaninu. Fyrst var meðaltal allra svara fundið og sett fram með rauðri línu. Síðan var meðaltal viðkomandi atvinnugreinar reiknað og sett fram með blárri línu. Ef horn bláu línunnar lá fyrir utan horn rauðu línunnar átti viðkomandi þáttur meira við viðkomandi atvinnugrein en að jafnaði í atvinnulífinu öllu. Ef það lá fyrir innan átti það minna við í viðkomandi atvinnugrein en í atvinnlífinu almennt.

## 3.4 ORÐASKÝ

Orðaskýi eða orðaskýjamyndum verður síðan beitt á svör við opnum spurningum. Hér verður það aðallega gert við svörum á því hverskonar menntun fyrirtækin telji að starfsmenn þeirra þyrftu að hafa lokið eða hverskonar færni fyrirtækin telji að starfsmenn þeirra þyrftu að búa yfir.

Þar var farið yfir opnu svörin og þau samræmd t.d. þannig að húsasmíði og trésmiðir væru kallaðir einu heiti og rekstrarfræðingar og viðskiptafræðingar einu nafni. Síðan var orðunum dælt inn í orðaskýjagreinir og urðu þau orð sem oftast voru nefnd mest áberandi í orðaskýjamynd sem greinirinn skilaði (Mynd 10 og Mynd 14). Þarna var hægt að bera saman svörin árið 2018 og 2019 saman.

Til viðbótar við orðaskýjamyndirnar má finna venjulegan tölulegan samanburð í töflum í viðauka (Tafla 15 og Tafla 16). Það gefur á vissan hátt nákvæmari greiningu en sennilega ekki eins góða yfirsýn á eins skömmum tíma og orðaskýjamyndirnar.

## 3.5 STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR

Að lokum verða styrkleikar og veikleikar landsvæðanna dregnir saman í eina einkunn þar sem horft er til röðunar landshlutanna í myndrænni framsetningu (Mynd 67). Hér verður þó eingöngu litið til þátta sem tengja má við Demantslíkan Porters. Það er tilraun til að meta útkomu hvers landshluta heildstætt út úr könnuninni í samanburði við aðra. Næst þegar þessi könnun verður endurtekin á sömu þætti demantslíkansins ætti að vera hægt að sjá breytingu landshlutans á milli kannana, bæði í samanburði við aðra og án þess. Það gefur færi á að sjá hvert landshlutarnir stefna. Þetta er einföld leið til að draga saman hvernig landshlutarnir skara fram úr í þessum samanburði og alls ekki hafin yfir gagnrýni. Allar tillögur um úrbætur eru vel þegnar.

Tveir þættir Demantslíkansins eru til skoðunar hér. Það eru þættirnir *staða framleiðsluþátta* og *stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni*.

# 4 GÖGN

Spurningakönnunin, sem var netkönnun, var lögð fyrir fyrirtæki allra landshluta. Atvinnuþróunarfélögin og landshlutasamtökin fengu hvert um sig lista yfir fyrirtæki í landshlutunum frá Credit-info. Þar var að finna netföng yfir hluta þeirra. Síðan réðust félögin í vinnu við að finna þau sem vantaði. Þá þótti ástæða til að bæta við fyrirtækjum sem vantaði inn á lista Credit-info. Fyrirtæki með lögheimili í öðrum landshlutum en mikla starfsemi annars staðar voru dæmi um slík eins og t.a.m. Bónus og Húsasmiðjan. Í elstu könnununum, sem voru gerðar á Vesturlandi, var landshlutanum skipt upp í fjögur mismunandi svæði: Fyrst voru Akranes og Hvalfjarðarsveit sett saman í eitt svæði, svo Borgarbyggð og Skorradalshreppur, næst sveitarfélögin á Snæfellsnesi og að síðustu var Dalabyggð í einu svæði. Í þessari könnun verður aðallega horft til landshlutanna í heild þar sem svörun var víða ekki næg til að brjóta þá mikið upp. Með hliðsjón af reynslu af Vesturlandi verður kannski reynt að brjóta einstaka landshluta upp. Þar býður svörun á Vesturlandi, Suðurlandi og Norðurlandi eystra helst upp á einhverja slíka vinnslu.



**Mynd 6: Landshlutar könnunarinnar**

Spurningakönnunin var sameiginleg fyrir alla landshluta en ekki gátu allir byrjað á sama tíma. Fyrst fór hún af stað í byrjun október 2019 á Norðurlandi eystra og Vestfjörðum. Viku seinna fóru fleiri landshlutar af stað. Könnuninni lauk í lok janúar 2020.

Erfitt er að meta fjölda fyrirtækja í hverjum landshluta en áhugi atvinnuþróunarfélaganna og landshlutasamtakanna var aðallega á fyrirtækjum í virkum atvinnurekstri. Mikið er af skráðum fyrirtækjum en ekki nema brot þeirra í virkum atvinnurekstri því sum eru kannski stofnuð utan um eignasöfn, einhverja hagsmuni eða eitthvað annað en virkan atvinnurekstur með starfsmenn á launum. Á grundvelli listanna frá Credit-info og þeirrar vinnu sem landshlutarnir inntu af hendi reyndu þeir hver um sig að meta fjölda fyrirtækja í hverjum landshluta. Niðurstöðuna er að finna

hér ásamt þátttökunni til hliðsjónar (Tafla 1). Ljóst má þykja að þátttakan hefði víða þurft að vera meiri til að geta yfirfært niðurstöðurnar á einstaka landsvæði[5].

**Tafla 1: Yfirlit þýðis og fjölda svara eftir landshlutum 2019**

| Landshluti | Fjöldi fyrirtækja | Fjöldi svara | Svarhlutfall af heildarfjölda |
|---|---|---|---|
| Austurland | 609 | 128 | 21,0% |
| Höfuðborgarsvæðið | | 79 | |
| Norðurland eystra | 1.500 | 374 | 24,9% |
| Norðurland vestra | 660 | 133 | 20,2% |
| Suðurland | 5.100 | 301 | 5,9% |
| Suðurnes | 304 | 87 | 28,6% |
| Vestfirðir | 336 | 130 | 38,7% |
| Vesturland | 1.428 | 318 | 22,3% |
| Óstaðsett | | 107 | |
| Samtals | 9.937 | 1.657 | 16,7% |

Þar sem lítið ber á bændum og smábátasjómönnum í hefðbundnum fyrirtækjalistum eins og þeim sem fást hjá Credit-info var ákveðið að fá Bændasamtökin og Landssamband smábátaeigenda í lið með aðstandendum könnunarinnar og þeir beðnir um að bjóða sínum félagsmönnum, vítt og breitt um landið, að vera með í könnuninni. Þá voru Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) beðin um slíkt hið sama. Landsambandi smábátaeigenda tókst ekki að senda könnunina á sína félagsmenn. Þessi félög sendu félagsmönnum sínum um allt land hvatningu um þátttöku.

Í könnuninni bárust 1.658 svör en 106 þeirra gáfu ekki upp hvar þau störfuðu á landinu og var því ekki hægt að flokka eftir landshlutum (Tafla 1). Fyrirtæki voru staðsett eftir spurningunni: *Í hvaða sveitarfélagi starfar fyrirtækið eða hefur mestan hluta starfsemi sinnar?*

**Tafla 2: Yfirlit fjölda þátttakenda eftir landshlutum 2019 og 2018**

| Landshluti | 2019 | 2018 | Breyting á milli áranna |
|---|---|---|---|
| Austurland | 128 | 120 | 7% |
| Höfuðborgarsvæðið | 79 | 99 | -20% |
| Norðurland eystra | 374 | 368 | 2% |
| Norðurland vestra | 133 | 161 | -17% |
| Suðurland | 301 | 390 | -23% |
| Suðurnes | 87 | 96 | -9% |
| Vestfirðir | 130 | 141 | -8% |
| Vesturland | 318 | 397 | -20% |
| Óstaðsett | 107 | 290 | -63% |
| Samtals | 1.657 | 2063 | -20% |

Þátttakan var nokkuð misjöfn. Flestir voru þátttakendurnir 374 á Norðurlandi eystra og næst flestir eða um 300 á Vesturlandi og Suðurlandi (Tafla 1). Fæstir tóku þátt á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu á bilinu 80-90. Áhersla var lögð á að ná fyrirtækjum af landsbyggðinni. Þau fyrir-

[5] Í könnuninni er unnið með landshluta og landsvæði. Landshlutarnir eru átta og miðast við skilgreiningu Hagstofunnar á landshlutum. Landsvæðin eru skilgreind sérstaklega í þessari könnun og er að finna í öftustu töflu þessa kafla.

tæki af höfuðborgarsvæðinu sem tóku þátt var sent boð um þátttöku af því að þau starfa úti á landi en hafa mestan hluta starfsemi sinnar á höfuðborgarsvæðinu og eru þá rauninni þaðan þó svo þau starfi líka utan þess. Þá var fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu líka boðið að vera með í gegnum Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Vilji er til þess að hafa fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu sem flest með enda könnunin kölluð Fyrirtækjakönnun landshlutanna. Stefnt er að því að bæta úr því í næstu könnun.

**Tafla 3: Fjöldi þátttakenda eftir atvinnugreinum 2019 og 2018**

| Atvinnugreinar | 2019 | 2018 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Landbúnaður og skógrækt | 314 | 359 | -13% |
| Rekstur gististaða og veitingarekstur | 209 | 244 | -14% |
| Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð | 204 | 221 | -8% |
| Ekki uppgefið | 153 | 385 | -60% |
| Önnur framleiðsla | 113 | 123 | -8% |
| Heild- og smásöluverslun 1) | 102 | 105 | -3% |
| Fiskveiðar | 74 | 66 | 12% |
| Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi | 65 | 94 | -31% |
| Fiskvinnsla | 57 | 64 | -11% |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 48 | 45 | 7% |
| Flutningar og geymsla | 39 | 58 | -33% |
| Fræðslustarfsemi | 37 | 37 | 0% |
| Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta | 37 | 34 | 9% |
| Menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi | 37 | 36 | 3% |
| Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar | 27 | 35 | -23% |
| Fjármála- og vátryggingarstarfsemi | 24 | 30 | -20% |
| Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi | 19 | 16 | 19% |
| Fasteignaviðskipti | 17 | 22 | -23% |
| Rafmagns, gas- og hitaveitur | 17 | 24 | -29% |
| Upplýsingar og fjarskipti | 17 | 24 | -29% |
| Atvinnurekstur innan heimilis 2) | 16 | 22 | -27% |
| Fiskeldi | 15 | | |
| Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu | 12 | 8 | 50% |
| Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs- og afmengun | 4 | 11 | -64% |
| Samtals | 1.657 | 2.063 | -20% |

1) Fullt heiti: Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum
2) Fullt heiti: Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og framleiðsla á ýmis konar vöru á heimilum til eigin nota.

Þátttakendur voru flokkaðir eftir atvinnugreinum sem þeir gáfu upp þegar eftirfarandi spurning var sett fram: *„Í hvaða atvinnugrein starfar fyrirtækið? Merktu eingöngu við einn valmöguleika. Ef fyrirtækið starfar í fleiri en einni atvinnugrein merktu þá sem vegur þyngst í starfsemi fyrirtækisins.“* Samkvæmt þeirri skráningu voru flestir eða 314 í landbúnaði og skógrækt, næst 209 í rekstri gisti- og veitingastaða og þar á eftir 204 í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sé horft til þriggja fjölmennustu atvinnugreinanna (Tafla 3). Fæstir voru þeir hins vegar 4 í vatnsveitu, fráveitu, meðhöndlun úrgangs- og afmengun vinnslu hráefna úr jörðu, þá 12 í vinnslu hráefna úr jörðu og 12 í fiskeldi.

Í vinnslu skýrslunnar var ákveðið að horfa sérstaklega til þriggja atvinnugreina. Það var ferðaþjónustan eins og hún var skilgreind fyrr í þessu riti, sjávarútvegur og landbúnaður. Ástæðan var

sú að þær eru að vissu leyti vinnuaflsfrekastar atvinnugreina landsbyggðarinnar, þær nýta allar náttúruauðlindir og tvær þeirra eru meðal mikilvægustu útflutningsatvinnugreinum landsins.

**Tafla 4: Yfirlit fjölda svara eftir grófflokkuðum atvinnugreinum 2019 og 2018**

| Atvinnugrein | Fjöldi svara 2019 | Fjöldi svara 2018 | Fjöldi svara |
|---|---|---|---|
| Ferðaþjónusta | 323 | 408 | -21% |
| Landbúnaður | 314 | 359 | -13% |
| Sjávarútvegur | 131 | 130 | 1% |
| Aðrar atvinnugreinar | 762 | 807 | -6% |
| Ekki flokkað[1)] | 127 | 359 | -65% |
| Samtals | 1.657 | 2.063 | -20% |
| 1) Annað hvort ekki gefið upp eða ekki hægt að meta hvort um ferðaþjónustu er að ræða út frá öðrum svörum könnunarinnar. | | | |

Við sjáum að þátttakendum fækkar á milli áranna, mest í ferðaþjónustu. Takið samt eftir því að fjöldi ferðaþjónustufyrirtækja var 323 en fjöldi fyrirtækja í rekstri gisti- og veitingastaða var 209. Fjöldi fyrirtækja í ferðaþjónustu- og landbúnaði var rúmlega 300 á meðan fyrirtæki í sjávarútvegi voru 131. Að vísu fækkaði fyrirtækjum í sjávarútvegi ekki en það gerðu þau í hinum atvinnugreinunum.

# 5 LANDSHLUTAGREINING

Hér verða niðurstöður kjarnaspurninganna settar fram. Fyrst verða svör þeirra sett fram ósundurliðuð. Síðan verða þau brotin upp eftir landshlutum og atvinnugreinum. Síðan verður reynt að skoða breytingu frá fyrri könnun ef viðkomandi spurning hefur verið með áður. Þá verður stundum skoðað hversu sammála þátttakendur voru í svörum sínum – byggt á staðalfráviki svaranna.

## 5.1 STARFSMANNAMÁL – RÁÐNINGAR OG MENNTUN OG FÆRNI

Í könnuninni var spurt út í nokkra þætti er tengjast starfsmannamálum fyrirtækja. Spurt var út í hvort fyrirtækin væru að spá í að fjölga eða fækka starfsmönnum og hvort þau vantaði starfsfólk með sértæka menntun eða færni. Hér verður fjallað um hvort fyrirtækin vanti starfsfólk með ákveðna menntun og færni en fjallað verður um hvort fyrirtækin búist við að ráðast í mannaráðningar í kaflanum um væntingar þar sem horft er lengra fram í tímann og byggir á sýn manna um framtíðarhorfur.

### *5.1.1 STARFSFÓLK MEÐ ÁKVEÐNA MENNTUN*

Í könnuninni voru fyrirtækin spurð hvort þau teldu sig vanta menntað starfsfólk og gátu þau svarað þeirri spurningu annað hvort játandi eða neitandi. Spurningin var orðrétt svona: *Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?* Síðan gátu þátttakendur svarað því játandi eða neitandi. Ef þeir svöruðu játandi var þeim boðið að svara því hvaða menntun það starfsfólk þyrfti að hafa. Engir valmöguleikar voru þeim gefnir heldur gátu þeir skrifað það sem þeim fannst að vild (þ.e. opin spurning).




**Mynd 7: Menntunarþörf 2018 og 2019**

Heilt yfir virðist menntunarþörfin ekki breytast á milli ára (Mynd 7).

Þegar svörin voru brotin upp milli landshluta kom í ljós að þörfin var mest á Vestfjörðum og Suðurnesjum en minnst var hún á Norðurlandi vestra (Mynd 8). Mest virtist þörfin vera hjá fyrirtækjum á Vestfjörðum og af höfuðborgarsvæðinu en síst á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Mest virtist hún vera í sjávarútvegi og ferðaþjónustu en síst í landbúnaði. Í sjávarútvegi var hún ýmist mjög mikil eða lítil þegar svörin voru brotin upp eftir landshlutum.

Menntunarþörfin jókst mest á höfuðborgarsvæðinu á milli kannana og síðan á Vestfjörðum og á Austurlandi (Mynd 9). Annars staðar dróst hún saman en þó mest á Suðurnesjum og á Suðurlandi. Menntunarþörfin jókst mest í sjávarútvegi og landbúnaði.




**Mynd 8: Menntunarþörf 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**




**Mynd 9: Menntunarþörf 2018 og 2019eftir landsvæðum og atvinnugreinum**




| 2019 | 2018 |
|---|---|

**Mynd 10: Menntunarþörf 2019 og 2018 tiltekin**

Orðaskýin (Mynd 10) bera með sér að mikið meiri þörf er fyrir iðnmenntaða en háskólamenntaða meðal þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni og gefur það nokkuð góða mynd fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni miðað við þann fjölda sem tók þátt. Ekki tóku nógu mörg fyrirtæki þátt á höfuðborgarsvæðinu til að hægt sé að yfirfæra þessar niðurstöður á landið allt eða höfuðborgarsvæðið sérstaklega. Oftast var iðnmenntun nefnd án þess að það væri skilgreint frekar. Í þeim tilvikum sem iðnmenntunin var tilgreind frekar virðist þörfin vera mest fyrir trésmiði, matreiðslumeistara

(kokka) og bifvélavirkja (Tafla 15). Af háskólagreinum var viðskiptafræði oftast nefnd og næst á eftir markaðsfræði.

Það sem oftast var nefnt og í þessari röð (Tafla 15):

1) Iðnmenntun
2) Trésmíði
3) Tæknimenntun
4) Kokkur
5) Viðskiptafræði
6) Bifvélavirkjun
7) Markaðsfræði
8) Vélstjórn
9) Háskólamenntun
10) Skipstjórn

Þá voru breytingar á milli áranna nokkrar. Mesti samdráttur og aukning á milli ára var í eftirfarandi greinum (Tafla 15 hefur ýtarlegri upplýsingar):

**Tafla 5: Mesta aukning og samdráttur í menntunarþörf**

| Mesti samdráttur (í þessari röð) | Mesta aukning (í þessari röð) |
|---|---|
| 1) Meirapróf | 1) Tæknimenntun |
| 2) Tölvunarfræði | 2) Trésmíði |
| 3) Leiðsögn | 3) Vélstjórn |
| 4) Tæknifræði | 4) Búfræði |
| 5) Rafvirkjun | 5) Sérfræðimenntun |

### *5.1.2 Starfsfólk með ákveðna færni*

Úr því grennslast var eftir þörf á starfsfólki með ákveðna menntun, sem vísar meira til formlegrar þekkingar og færni sem við fáum í almenna skólakerfinu, þá vaknaði áhugi á því að spyrja út í færni og þar með höfðað til annarra eiginleika starfsfólks en þeirra sem það getur öðlast í almenna skólakerfinu. Spurt var orðrétt: „*Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna færni, getu eða hæfni aðra en þá sem nefnd var í næstu spurningu á undan?*" Síðan fylgdi þessi texti til nánari útskýringar: „*Hér er verið að spyrja um aðra færni en þá sem fæst í skólakerfinu (hinu formlega)*". Síðan gátu þátttakendur svarað játandi eða neitandi. Ef þeir svöruðu játandi var þeim boðið að svara því hvaða færni það starfsfólk þyrfti að hafa. Engir valmöguleikar voru þeim gefnir heldur gátu þeir skrifað það sem þeim fannst að vild (þ.e. opin spurning).

17% svara voru játandi (Mynd 11). Það eru mun færri en svöruðu spurningunni um menntað vinnuafl játandi (Mynd 7).




**Mynd 11: Færniþörf 2018 og 2019**

Þegar svörin voru brotin upp eftir landshlutum kom í ljós að þörfin fyrir fólk með sérstaka færni var mest á Austurlandi og í fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu (Mynd 12). Síst var hún á Vesturlandi og Norðurlandi eystra. Mest er þörfin í ferðaþjónustu og sjávarútvegi en minnst í landbúnaði.

Þörfin fyrir fólk með sérstaka færni óx mest á höfuðborgarsvæðinu, þá á Suðurlandi og Norðurlandi vestra (Mynd 13). Annars staðar dró úr henni á milli kannananna en lang mest á Suðurnesjum. Vöxturinn virðist vera mestur í ferðaþjónustu og sjávarútvegi en samdrátturinn í landbúnaði.




**Mynd 12: Færniþörf 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**




**Mynd 13: Færniþörf 2018 og 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**

Eitt svarið var svona: „Að nenna að vinna og geta bjargað sér og sleppa öllu þessu væli sem að er að drepa alla í dag“.






| | |
|---|---|
| 2019 | 2018 |

**Mynd 14: Færniþörf 2019 og 2018 tiltekin**

Orðaský (Mynd 14) sem unnin voru upp úr gögnunum bera með sér að mest er kallað eftir fólki sem getur unnið sjálfstætt (Tafla 16). Þá koma hæfileikar til að selja vörur og þjónustu næst á eftir og svo fólk sem hefur tölvufærni. Svo er óvenju algengt að kallað er eftir fólki með starfsreynslu. Ekki verður alveg séð hvernig menntakerfið og/eða endurmenntunarkerfið getur brugðist við þessu. Kannski þarf að skoða einhverskonar starfsþjálfun en ekki verður samt séð hvernig það verður gert án milligöngu atvinnulífsins.

Það sem oftast var nefnt og í þessari röð (Tafla 16):

1) Sjálfstæði
2) Sölumennska
3) Tölvufærni
4) Starfsreynsla
5) Samskipti
6) Bústörf
7) Þjónusta
8) Dugnaður
9) Matreiðsla
10) Verkþekking

Þá voru breytingar á milli áranna nokkrar. Mesti samdráttur og aukning á milli ára var í eftirfarandi greinum (Tafla 16 hefur ýtarlegri upplýsingar):

**Tafla 6: Mesta aukning og samdráttur í færniþörf**

| **Mesti samdráttur (í þessari röð)** | **Mesta aukning (í þessari röð)** |
|---|---|
| 1) Samskipti<br>2) Viðgerðir<br>3) Þjónustulund<br>4) Stjórnun<br>5) Trésmíði | 1) Sjálfstæði<br>2) Tölvufærni<br>3) Sölumennska<br>4) Ferðaþjónusta<br>5) Sjómennska |

## 5.2 STAÐA FRAMLEIÐSLUÞÁTTA

Undir stöðu framleiðsluþátta voru þátttakendur fyrst spurðir um mikilvægi þekktrar þjónustu, framleiðsluþátta og/eða grunngerðar fyrir atvinnulífið til þess að sjá hvort það væri einhver munur á milli landshlutanna að þessu leyti. Niðurstöður þeirrar spurningar gengu ekki inn í matslíkanið (Demantslíkanið) um stöðu framleiðsluþáttanna.

Síðan voru settar fram nokkrar fullyrðingar og meira í samræmi við Demantslíkanið. Þar er verið að skoða vísbendingar fyrir því hvort fyrirtæki séu að hlúa að **endurmenntun** starfsmanna sinna, bæta og **þróa vinnuferla** sína (tækniframfarir), hvort þau fái vel þjálfað starfsfólk og þurfi ekki að leggja mikið í **þjálfun nýráðins starfsfólks**, hvort **starfsfólk** fyrirtækjanna sé **kvikt** þegar horft er til fjölhæfni, aðlögunarfærni og sveigjanleika þess, hvort **ný tækni** sé í augsýn og hvort menn búist við því að ný **tækni** komi í stað **starfsfólks**.

Við byrjum á að skoða þessa sex þætti sem tengjast Demantslíkaninu en síðan verða niðurstöður fyrir mikilvæga þjónustu og framleiðsluþætti skoðaðir.

### *5.2.1 ENDURMENNTUN*

Nú verður fullyrðing tengd endurmenntun skoðuð. Hún hófst svona: Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt? Fullyrðingin var síðan þessi: *Fyrirtækið ver miklum fjármunum í endurmenntun starfsmanna.* Síðan gátu þátttakendur merkt við: Mjög mikið, mikið, frekar mikið, hvorki miklu né litlu, frekar lítið, lítið, mjög lítið, á ekki við. Heilt yfir voru svörin svona (Mynd 15).




**Mynd 15: Endurmenntun 2019**

Fyrirtæki virðast almennt stilla fjárveitingum sínum í hóf þegar kemur að endurmenntun (Mynd 15). Ferðaþjónusta virðist hanga í meðaltali allra atvinnugreina. Sjávarútvegur og landbúnaður veita lægri fjárhæðum í endurmenntun en aðrar atvinugreinar að jafnaði.




**Mynd 16: Endurmenntun 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

Þá var brugðið upp mynd af svörun milli einstakra landshluta og atvinnugreina (t.d. Mynd 16). Til þess þurfti að reikna meðaltal svaranna. Það var gert þannig að mjög mikið fékk töluna 7, mikið 6, frekar mikið 5, hvorki miklu né litlu 4, frekar lítið 3, lítið 2, mjög lítið 1. Ef menn merktu við „á ekki við“ var því sleppt í útreikningi meðaltals. Á þessu sést að þeim mun hærra sem meðaltalið er þeim mun meira á fullyrðingin við í hverjum landshluta eða atvinnugrein þegar hún er skoðuð.

Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu verja mestu í endurmenntun starfsmanna sinna (Mynd 16). Fyrirtæki af Norðurlandi vestra verja minnstu til endurmenntunar. Þeir sem svöruðu fyrir sjávar-útveginn vörðu mestum fjármunum til endurmenntunar innan þeirrar greinar á Austurlandi, innan ferðaþjónustu voru það þátttakendur af höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi og Suðurlandi og í landbúnaði vörðu þátttakendur frá Vesturlandi mestum fjármunum til endurmenntunar .

## 5.2.2 *ÞRÓUN VINNUFERLA*

Næst var þróun vinnuferla hjá fyrirtækjunum skoðuð. Það er gert á grundvelli svara við fullyrðingunni: *Fyrirtækið ver miklum fjármunum í þróun á nýjum vinnuferlum, kerfum, búnaði eða framleiðslutækjum* sem kom í kjölfar spurningarinnar „Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt?“ í skoðanakönnuninni.

Fyrirtæki vörðu ekki miklu í þróun á nýjum vinnuferlum en heldur meira en í endurmenntun (Mynd 17). Sjávarútvegurinn var öflugastur af þessum þremur atvinnugreinum sem voru til sko-

unar og öflugri en allar atvinnugreinar að jafnaði. Ferðaþjónustan var næst meðaltali allra atvinnugreina en landbúnaðurinn fjærst.




**Mynd 17: Þróun vinnuferla 2019**




**Mynd 18: Þróun vinnuferla 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu vörðu mestu í þróun vinnuferla (Mynd 18). Fyrirtæki af Norðurlandi vestra vörðu minnstu til þróunar vinnuferla. Af þremur meginatvinnugreinunum lagði sjávarútvegurinn mest í þróun vinnuferla en landbúnaðurinn minnst. Þátttakendur könnunarinnar úr sjávarútvegi á Austurlandi vörðu mestu til þróunarinnar.

### *5.2.3 ÞJÁLFUN NÝRÁÐINNA*

Þjálfun nýráðinna hjá fyrirtækjunum var þá skoðuð. Það var gert á grundvelli svara við fullyrðingunni: *Ég (eða einhver annar innan fyrirtækisins) þarf að þjálfa mitt starfsfólk þó það hafi menntun þegar það ræður sig hjá fyrirtækinu* sem kom í kjölfar spurningarinnar „Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt?“ í skoðanakönnuninni.

Ekki virtist mikil þörf á að þjálfa nýráðna en um 15% þátttakenda sagðist þurfa að gera mikið af því (Mynd 19). Mest virtist þörfin vera í landbúnaði af þessum þremur atvinnugreinum sem skoðaðar voru sérstaklega. Á næstu mynd sést að sjávarútvegurinn kemur þar annar í röðinni.




**Mynd 19: Þjálfun nýráðinna 2019**




**Mynd 20: Þjálfun nýráðinna 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

Þörfin fyrir þjálfun nýráðinna var mest á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum (Mynd 20). Innan atvinnugreina var hún mest hjá þátttakendum í landbúnaði á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Í sjávarútvegi mest hjá þátttakendum á Vestfjörðum og Vesturlandi og í ferðaþjónustu á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Minnst var þörfin á Austurlandi og höfuðborgarsvæðinu, í landbúnaði og sjávarútvegi á Suðurlandi og ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

### *5.2.4 Kvikir starfsmenn*

Þá var komið að því að skoða hversu kvikir starfsmenn fyrirtækjanna væru. Það var gert á grundvelli svara við fullyrðingunni: *Starfsmenn bregðast vel við þegar þeir eru beðnir um að leysa ný verkefni eða redda einhverju innan fyrirtækisins, jafnvel þó það sé ekki í starfslýsingu þeirra eða utan þeirra verksviðs* sem kom í kjölfar spurningarinnar „Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt?“ í skoðanakönnuninni.

Mannauður hérlendis virtist vera mikill þegar horft var til þess hversu bóngóðir starfsmenn eru því rúmlega 80% eru mikið sammála þeirri fullyrðingu (Mynd 21). Þetta átti sérstaklega við um starfsmenn ferðaþjónustu. Ekki var mikill munur á milli sjávarútvegs og landbúnaðar hvað þetta snerti (Mynd 21 og Mynd 22).




**Mynd 21: Kvikir starfsmenn 2019**




**Mynd 22: Kvikir starfsmenn 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**

Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

Starfsmenn voru kvikir í öllum landshlutum því ekki var mikill munur á milli þeirra þó svo Suðurnesin raðist hæst á þann kvarða og Norðurland vestra lægst (Mynd 22). Innan atvinnugreinanna voru starfsmenn kvikastir hjá þeim sem svöruðu fyrir ferðaþjónustu á Austurlandi en landbúnaðar og sjávarútvegs á Norðurlandi eystra.

### *5.2.5 NÝ TÆKNI*

Fyrirsjáanleg tæknivæðing hjá fyrirtækjunum var skoðuð. Það var gert á grundvelli svara við fullyrðingunni: *Ég býst við því að taka nýja tækni í notkun innan fyrirtækisins á næstu 5-10 árum* sem kom í kjölfar spurningarinnar „Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt?“ í skoðanakönnuninni.

Rúmlega 70% áttu frekar eða mjög mikið von á að taka nýja tækni í þjónustu sína á næstu 5-10 árum (Mynd 23). Sjávarútvegurinn átti mest von á því, þá ferðaþjónustan en síst landbúnaðurinn.

Fyrirtæki á Austurlandi og höfuðborgarsvæðinu áttu helst von á tæknivæðingu næstu 5-10 árin (Mynd 24). Síst voru það fyrirtæki á Norðurlandi vestra og eystra. Landfræðilegur munur er þó ekki mikill að þessu leyti. Innan atvinnugreinanna voru það þátttakendur ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu og sjávarútvegurinn á Austurlandi sem sáu helst fyrir nýja tækni í þjónustu sinni á næstunni.




**Mynd 23: Ný tækni 2019**




**Mynd 24: Ný tækni 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

## 5.2.6 *TÆKNI OG STARFSFÓLK*

Næst var þróun vinnuferla hjá fyrirtækjunum skoðuð. Það var gert á grundvelli svara við fullyrðingunni: *Ég býst við því að tækniframfarir muni gera mér kleift að fækka starfsfólki á næstu 5-10 árum* sem kom í kjölfar spurningarinnar „Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt?“ í skoðanakönnuninni.




**Mynd 25: Tækni og starfsfólk 2019**

Fleiri fyrirtæki töldu miklar líkur á að tækniframfarir leystu vinnandi hendur af hólmi á næstunni en þau sem töldu litlar líkur á slíkri þróun (Mynd 25). Á þennan hátt virtust líkurnar vera meiri í ferðaþjónustu og landbúnaði en sjávarútvegi.

Mest áttu fyrirtæki á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum von á að tæknin kæmi í stað hug- og handafls á næstunni (Mynd 26). Síst voru það fyrirtæki á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem svöruðu fyrir landbúnað og ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra bjuggust helst við áðurnefndri þróun í þeim greinum og í sjávarútvegi á Norðurlandi eystra.

Síst bjuggust þátttakendur í sjávarútvegi á Austurlandi og Suðurnesjum við því að tæknin tæki við verkefnum starfsmanna, í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og í landbúnaði á Norðurlandi eystra.




**Mynd 26: Tækni og starfsfólk 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

### 5.2.7 *Samkeppnisstaða landshlutanna m.t.t. stöðu framleiðsluþáttanna*

Að lokum var útbúin var sameiginleg einkunn landshlutanna fyrir stöðu framleiðsluþáttanna sem gengur inn í mat á samkeppnisstöðu þeirra. Svör við fullyrðingum þessa kafla voru nýtt í þeim tilgangi. Meðaleinkunnin var bara venjulegt meðaltal úr svörum þátttakenda.

Í úrvinnslunni voru allir þættir látnir vigta eins og viðeiganleiki einkunnarinnar látinn halda sér inn í lokaeinkunn nema í tilfelli fullyrðinganna um þjálfunarþörf og hvort tækni myndi stuðla að því að hægt væri að segja upp fólki. Í þeim tilvikum var einkunninni snúið við þannig að hærri einkunn var gefin ef þörfin fyrir sérstaka þjálfun nýráðinna væri minni og ef ný tækni stuðlaði ekki að uppsögnum fólks. Jafnvel þó svo Demantslíkanið geti litið á nýja tækni sem gefur svigrúm til

fækkunar starfsfólks sem vísbendingu fyrir samkeppnishæfari atvinnugrein var ákveðið að túlka seinni fullyrðinguna svona þar sem líka var spurt um almenna tæknivæðingu og hún talin kostur. Með þessu er litið svo á að þeir sem ætli að tæknivæðast en fækka ekki fólki hyggist sækja fram á meðan þeir sem tæknivæða til að fækka fólki séu í vörn.




**Mynd 27: Samkeppnisstaða m.t.t. stöðu framleiðsluþáttanna**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

Staða framleiðsluþátta var best hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu en næst best á Austurlandi (Mynd 27). Staða framleiðsluþátta var verst á Norðurlandi. Almennt voru atvinnugreinarnar þrjár ekki langt frá meðaltali þeirra allra. Helst var það landbúnaðurinn sem dró þá niður.

### *5.2.8 Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir*

Gerð var tilraun til að draga fram mikilvægi ýmissar þjónustu við atvinnulífið, nauðsynlega framleiðsluþætti og grunngerð.

Spurt var: *Hver eftirfarandi þjónustu- eða framleiðsluþátta finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir starfsemi fyrirtækisins?*

Síðan gátu þátttakendur gefið eftirfarandi þáttum einkunn:

- Banka- og fjármálaþjónusta
- Bókhalds- og endurskoðun
- Farsímasamband
- Hafnaraðstaða
- Heitt vatn
- Kalt vatn
- Lánsfé
- Nettengingar
- Raforka, rafmagnsveita
- Rekstrarráðgjöf
- Sí- og endurmenntun fyrir starfsfólkið
- Símaþjónusta
- Sorphirða
- Nettengingar
- Starfsfólk, ómenntað/ófaglært
- Starfsfólk, menntað/faglært
- Tölvuþjónusta
- Vegakerfi
- Vöruflutningar, flutninga-þjónusta, póstþjónusta
- Öryggisþjónusta/næturvarsla
- Starfsfólk, ómenntað/ófaglært

Einkunnin var huglæg þar sem menn gátu merkt við: Mjög miklu, Miklu, Frekar miklu, Hvorki miklu né litlu, Frekar litlu, Litlu, Mjög litlu og Á ekki við.

Í úrvinnslunni voru reiknuð meðaltöl og staðalfrávik. Til þess þurfti að breyta svörunum yfir í tölur. Það var gert þannig að mjög miklu fékk töluna 7, miklu 6, frekar miklu 5, hvorki miklu né litlu 4, frekar litlu 3, litlu 2, mjög litlu 1 og á ekki við fékk enga tölu.




**Mynd 28: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Íslandi**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

Nettengingar, raforka og farsímasamband eru mikilvægasta þjónusta og/eða framleiðsluþættir sem spurt var um (Mynd 28). Um þetta eru þátttakendur mest sammála. Rekstrarráðgjöf er ómikilvægust en um það eru þátttakendur meira ósammála. Mikilvægi hafnaraðstöðu eru menn mest ósammála. Það er að mörgu leyti skiljanlegt af því að ekki eru margar atvinnugreinar hafnsæknar.




**Mynd 29: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Austurlandi í samanburði við landið allt**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

Hér á eftir verða teiknaðar sambærilegar myndir fyrir landshlutana og megin atvinnugreinarnar þrjár. Að auki þá munum við teikna fráviksmynd. Þar verður skoðað frávik í svörun landshlutanna og atvinnugreinanna frá meðalsvörun allra þátttakenda. Þá fáum við framsetningu eins og þessa (Mynd 29 og Mynd 31) og túlkast svona:

**A**: Í þessum reit er að finna þætti sem eru **mikilvægari** fyrir fyrirtæki í viðkomandi landshluta eða atvinnugrein en fyrirtæki almennt á Íslandi en jafnframt eru fyrirtækin meira **ósammála** um það meðaltal en fyrirtæki almennt á Íslandi.

**B**: Í reit B er að finna þætti sem eru **mikilvægari** fyrir fyrirtæki í viðkomandi landshluta eða atvinnugrein en fyrirtæki almennt á Íslandi en jafnframt eru fyrirtækin meira **sammála** um það meðaltal en fyrirtæki almennt á Íslandi.

**C**: Í þessum reit er að finna þætti sem eru **minna mikilvægari** fyrir fyrirtæki í viðkomandi landshluta eða atvinnugrein en fyrirtæki almennt á Íslandi en jafnframt eru fyrirtækin meira **ósammála** um það meðaltal en fyrirtæki almennt á Íslandi.

**D**: Í þessum reit er að finna þætti sem eru **minna mikilvægari** fyrir fyrirtæki í viðkomandi landshluta eða atvinnugrein en fyrirtæki almennt á Íslandi en jafnframt eru fyrirtækin meira **sammála** um þá afstöðu en fyrirtæki almennt á Íslandi.

Síðan látum við myndirnar bara tala hverja fyrir sig.




**Mynd 30: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Austurlandi**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 31: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Austurlandi í samanburði við landið allt**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 32: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á höfuðborgarsvæðinu**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 33: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við landið allt**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 34: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Norðurlandi eystra**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 35: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Norðurlandi eystra í samanburði við landið allt**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 36: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Norðurlandi vestra**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 37: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Norðurlandi vestra í samanburði við landið allt**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 38: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Suðurlandi**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 39: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Suðurlandi í samanburði við landið allt**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 40: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Suðurnesjum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 41: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Suðurnesjum í samanburði við landið allt**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 42: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Vestfjörðum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 43: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Vestfjörðum í samanburði við landið allt**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 44: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Vesturlandi**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 45: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á Vesturlandi í samanburði við landið allt**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 46: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir í sjávarútvegi**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 47: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir á sjávarútvegi í samanburði við landið allt**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 48: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir í landbúnaði**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 49: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir í landbúnaði í samanburði við landið allt**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 50: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir í ferðaþjónustu**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 51: Mikilvæg þjónusta og framleiðsluþættir í ferðaþjónustu í samanburði við landið allt**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

## 5.3 STEFNA FYRIRTÆKJA, UPPBYGGING OG SAMKEPPNI

Nú er komið að þættinum stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni. Settar voru fram nokkrar fullyrðingar sem voru meira í samræmi við Demantslíkanið. Þar er verið að skoða vísbendingar fyrir því hvort fyrirtæki búi við eðlilega **samkeppni**, **fjölda eigenda** fyrirtækjanna, hvort þau teldu sig vera í þörf fyrir **rekstrarráðgjöf** eða **endurskipulagningu**, væru að beita **markmiðasetningu** við stjórnun þeirra, **aðlögunarhæfni starfsmanna** fyrirtækisins og **seiglu fyrirtækisins**.

Síðan var útbúin ein einkunn fyrir þennan þátt í lokin. Svör við einni fullyrðingu af þessum sjö var þó sleppt við útreikning hennar. Það er fullyrðingin *„Fyrirtækið hefur þörf fyrir endur-skipulagningu*“. Það var vegna þess að viðeiganleiki þeirrar fullyrðingar ásamt fullyrðingunni um rekstrarráðgjöf gátu gefið til kynna bæði styrkleika og veikleika. Ákveðið var að sleppa annarri og líta svo á að það væri styrkleiki fyrir sýn framkvæmdarstjóra að hann gerði sér grein fyrir að fyrirtækið þyrfti rekstrarráðgjöf. Það beri vott um að fyrirtækið sé á tánum og sé að hugsa um að bæta sig en yfirleitt eru slíkir stjórnendur líklegri til að leiða fyrirtæki sín inn í nýja tíma eins og þá sem geta farið í hönd í náinni framtíð t.d. vegna fjórðu iðnbyltingarinnar.

### *5.3.1 SAMKEPPNI*

Nú verður fullyrðing tengd samkeppni skoðuð. Hún hófst svona: Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt? Fullyrðingin var síðan þessi: *Fyrirtækið okkar er í samkeppni við mörg önnur fyrirtæki.* Síðan gátu þátttakendur merkt við: Mjög mikið, mikið, frekar mikið, hvorki miklu né litlu, frekar lítið, lítið, mjög lítið, á ekki við. Heilt yfir voru svörin svona (Mynd 52).




**Mynd 52: Samkeppni 2019**

Fyrirtæki voru yfirleitt í mikilli samkeppni. Rúmlega 70% þátttakenda töldu fullyrðinguna eiga mikið við sitt fyrirtæki (Mynd 52). Þetta á mest við um fyrirtæki í ferðaþjónustu, þá sjávarútvegi en síst í landbúnaði.

Þá var brugðið upp mynd af svörun milli einstakra landshluta og atvinnugreina (líkt og í kaflanum á undan í myndum eins og t.d. Mynd 16). Til þess þurfti að reikna meðaltal svaranna. Það var gert þannig að mjög mikið fékk töluna 7, mikið 6, frekar mikið 5, hvorki miklu né litlu 4, frekar lítið 3, lítið 2, mjög lítið 1. Ef menn merktu við „á ekki við“ var því sleppt í útreikningi meðaltals. Á þessu sést að þeim mun hærra sem meðaltalið er þeim mun meira á fullyrðingin við í hverjum landshluta eða atvinnugrein.




**Mynd 53: Samkeppni 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

Samkeppnin mældist mest á þennan hátt á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu en síst á Norðurlandi vestra og Vesturlandi (Mynd 53). Þeir sem svöruðu fyrir sjávarútveg og ferðaþjónustu á Austurlandi gáfu í skyn að þar væri mest samkeppni innan þeirra greina en í landbúnaði á Suðurlandi og Norðurlandi vestra.

### 5.3.2 *Fjöldi eigenda*

Næst var skoðað hversu margir eigendur eða hluthafar fyrirtækjanna væru. Það var gert á grundvelli svara við fullyrðingunni: *Eigendur (hluthafar) fyrirtækisins eru margir* sem kom í kjölfar spurningarinnar „Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt?“ í skoðanakönnuninni.

Samkvæmt svörum við fullyrðingunni eru (eða voru) eigendur fyrirtækja almennt fáir (Mynd 54). Það á sérstaklega við um fyrirtæki í landbúnaði, þá ferðaþjónustu en síst í sjávarútvegi.




**Mynd 54: Fjöldi eigenda 2019**




**Mynd 55: Fjöldi eigenda 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

Fjöldi eigenda að fyrirtækjum virðist almennt mestur á Vestfjörðum og á höfuðborgarsvæðinu (Mynd 55). Fæstir eru þeir á Norðurlandi vestra og Vesturlandi. Þátttakendur í sjávarútvegsfyrirtækjum og ferðaþjónustu á Vestfjörðum og Suðurnesjum gáfu til kynna að eigendur væru flestir þar innan þeirra greina en í landbúnaði á Vesturlandi, Suðurlandi og Norðurlandi eystra.

### 5.3.3 Rekstrarráðgjöf

Þörfin fyrir rekstrarráðgjöf var þá skoðuð. Það var gert á grundvelli svara við fullyrðingunni: *Fyrirtækið hefur þörf fyrir rekstrarráðgjöf* sem kom í kjölfar spurningarinnar „Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt?“ í skoðanakönnuninni.




**Mynd 56: Rekstrarráðgjöf 2019**

Fleiri töldu fyrirtækin þurfa rekstrarráðgjöf en þeir sem töldu svo ekki vera (Mynd 56). Það töldu 55% fullyrðinguna að ofan eiga frekar mikið, mikið eða mjög mikið við sitt fyrirtæki. Af þessum þremur atvinnugreinum voru það heldur færri fyrirtæki í ferðaþjónustu sem töldu þörf á ráðgjöf en í hinum tveimur. Annars var ekki mikill munur á milli þeirra.

Þörfin fyrir rekstrarráðgjöf var mest á Norðurlandi vestra (Mynd 57) en minnst á Austurlandi. Þeir sem svöruðu fyrir sjávarútveg á Suðurlandi voru í mestri þörf fyrir ráðgjöf innan greinarinnar en minnst var hún hjá þeim á Austurlandi. Á þennan hátt var þörfin mest í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra en minnst á höfuðborgarsvæðinu.




**Mynd 57: Rekstrarráðgjöf 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

## 5.3.4 *ENDURSKIPULAGNING*

Þá var komið að því að skoða þörfina fyrir endurskipulagningu fyrirtækjanna. Það var gert á grundvelli svara við fullyrðingunni: *Fyrirtækið hefur þörf fyrir endurskipulagningu* sem kom í kjölfar spurningarinnar „Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt?“ í skoðanakönnuninni.

Fleiri töldu fyrirtækin þurfa endurskipulagningu en þeir sem töldu svo ekki vera (Mynd 58). 50% töldu fullyrðinguna að ofan eiga frekar mikið, mikið eða mjög mikið við sitt fyrirtæki. Af þessum þremur atvinnugreinum voru það heldur færri fyrirtæki í ferðaþjónustu sem töldu þörf á endurskipulagningu en í hinum tveimur. Munurinn var samt ekki mikill.

Mest var þörf fyrir endurskipulagningu á Norðurlandi vestra (Mynd 59) en minnst var hún á Suðurnesjum. Innan sjávarútvegs sögðust þátttakendur á Vesturlandi vera í minnstri þörf fyrir endurskipulagningu í ferðaþjónustu þátttakendur á Suðurnesjum og í landbúnaði á Suðurlandi.




**Mynd 58: Endurskipulagning 2019**




**Mynd 59: Endurskipulagning 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

## 5.3.5 MARKMIÐASETNING

Markmiðasetning hjá fyrirtækjum var skoðuð næst. Það var gert á grundvelli svara við fullyrðingunni: *Fyrirtækið notar markmiðasetningu (setur sér markmið) í daglegri stjórnun fyrirtækisins og stefnumótun til lengri tíma* sem kom í kjölfar spurningarinnar „Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt?" í skoðanakönnuninni.




**Mynd 60: Markmiðasetning 2019**

Markmiðasetning var stunduð víða þar sem 40% þátttakenda sögðu fullyrðinguna eiga frekar mikið, mikið eða mjög mikið við sitt fyrirtæki (Mynd 60). Ferðaþjónustan hafði þó vinningin að þessu leyti. Síðan kom sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn rak svo lestina.

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu voru duglegust að beita markmiðasetningu (Mynd 61). Fyrirtæki á Vestfjörðum voru lökust að þessu leyti en þó var ekki mikill munur á þeim og fyrirtækjum á Norðurlandi. Þeir sem svöruðu fyrir ferðaþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu voru líklegastir að beita markmiðasetningar innan greinarinnar en í sjávarútvegi voru það þátttakendur á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Ekki var neinn verulegur munur að þessu leyti innan landbúnaðarins nema að á Vestfjörðum voru fyrirtækin síst í að beita markmiðasetningu.




**Mynd 61: Markmiðasetning 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

### 5.3.6 *AÐLÖGUNARHÆFNI STARFSMANNA*

Næst var aðlögunarhæfni starfsmanna fyrirtækjanna skoðuð. Það var gert á grundvelli svara við fullyrðingunni: *Ég get látið alla mína starfsmenn ganga í öll verk innan fyrirtækisins* sem kom í kjölfar spurningarinnar „Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt?“ í skoðanakönnuninni.

Starfsmenn íslenskra fyrirtækja virðast almennt aðlögunarhæfir (Mynd 62). Um 65% svara því til að viðkomandi fullyrðing eigi frekar mikið, mikið eða mjög mikið við um þeirra fyrirtæki. Af þessum þremur atvinnugreinum sem horft var til á þetta sérstaklega við um ferðaþjónustu, þá landbúnað en síst sjávarútveg.

Aðlögunarhæfni virðist mest vera hjá fyrirtækjum á Norðurlandi vestra en síst á höfuðborgarsvæðinu (Mynd 63). Þeir sem svöruðu fyrir ferðaþjónustu voru jákvæðastir að þessu leyti innan greinarinnar á Vestfjörðum og á Austurlandi fyrir sjávarútveg á Suðurnesjum en landbúnað á Norðurlandi eystra.




Mynd 62: Aðlögunarhæfni starfsmanna 2019




**Mynd 63: Aðlögunarhæfni starfsmanna 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

### 5.3.7 SEIGLA FYRIRTÆKISINS

Sjöunda og síðasta atriðið sem var til skoðunar undir þessum þætti var seigla fyrirtækjanna. Vísbendingar fyrir henni var sótt með fullyrðingunni: *Fyrirtækið hefur hingað til átt auðvelt með að bregðast við flestum óvæntum aðstæðum í rekstri þess sem rekja má til þátta innan fyrirtækisins sem utan* sem kom í kjölfar spurningarinnar „Að hve miklu leyti eiga eftirfarandi fullyrðingar við um fyrirtæki þitt?“ í skoðanakönnuninni.




**Mynd 64: Seigla fyrirtækisins 2019**

Seigla og aðlögunarhæfni virtist einkenna íslensk fyrirtæki (Mynd 64). Tæplega 80% þátttakenda svöruðu því til að viðkomandi fullyrðing ætti frekar mikið við, mikið eða mjög mikið þeirra fyrirtæki. Af þremur megin atvinnugreinum könnunarinnar var það helst ferðaþjónusta sem tók undir fullyrðinguna og bendir því til að seiglan og sveigjanleikinn sé mestur þar.

Seiglan er mest hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu en síst á Vestfjörðum (Mynd 65). Í ferðaþjónustu gáfu þátttakendur á Austurlandi og Vestfjörðum vísbendingar um mestu seiglu fyrirtækja í greininni. Í sjávarútvegi átti þetta við um Suðurnes en í landbúnaði á Austurlandi.




**Mynd 65: Seigla fyrirtækisins 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

### 5.3.8 *Samkeppnisstaða landshlutanna m.t.t. stefnu fyrirtækja, uppbyggingar og samkeppni*

Sameiginleg meðaleinkunn landshlutanna var reiknuð fyrir stefnu fyrirtækja, uppbyggingar og samkeppni sem gekk svo inn í mat á samkeppnisstöðu þeirra. Svör við fullyrðingum þessa kafla voru nýttar að einni undanskilinni. Það var fullyrðingin *„Fyrirtækið hefur þörf fyrir endurskipulagningu".* Ástæðu þessa er að finna í upphafi kaflans (Kafla 5.3).

Meðaleinkunnin var bara venjulegt meðaltal úr svörum þátttakendanna.




**Mynd 66: Samkeppnisstaða m.t.t. stefnu fyrirtækja, uppbyggingar og samkeppni**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

Samkvæmt þessu var stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni best hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu en næst best á Suðurnesjum (Mynd 66). Staða framleiðsluþátta var verst á Norðurlandi vestra og Vesturlandi. Almennt voru atvinnugreinarnar þrjár ekki langt frá meðaltali þeirra allra. Helst var það landbúnaðurinn sem dró þá niður en ferðaþjónustan sem togaði upp.

### 5.3.9 *Samanlögð samkeppnisstaða fyrir tvo þætti Demantslíkansins*

Að lokum var sameiginleg einkunn landshlutanna reiknuð fyrir bæði stöðu framleiðsluþátta og stefnu fyrirtækja, uppbyggingar og samkeppni.




**Mynd 67: Samanlögð samkeppnisstaða fyrir tvo þætti Demantslíkansins**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.

Þegar horft var til þessara tveggja þátta varð ljóst að samkeppnisstaðan var best hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu en næst best á Suðurnesjum (Mynd 67). Staða framleiðsluþátta var verst á Norðurlandi vestra og Vesturlandi. Almennt voru atvinnugreinarnar þrjár ekki langt frá meðaltali þeirra allra. Helst var það landbúnaðurinn sem dró þá niður en ferðaþjónustan sem togaði heldur upp.

## 5.4 NÝSKÖPUN OG SKAPANDI GREINAR

Mikill áhugi var að fá einhverjar frekari vísbendingar um hvort fyrirtækin væru í einhverri nýsköpun og/eða gætu talist til skapandi greina, brotið upp eftir landshlutum eða atvinnugreinum. Eftir ýmsar vangaveltur aðstandenda könnunarinnar var ákveðið að spyrja eftirfarandi spurninga:

*Að hve miklu leyti eru tekjur fyrirtækisins að koma vegna vöru- og þjónustu sem er ný?*

*Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?*

Þær komu þá í rauninni til viðbótar við fullyrðingarnar um **þróun vinnuferla** og **nýja tækni** sem fjallað var um fyrr í þessari skýrslu. Fullyrðingarnar gefa til kynna hvort fyrirtækin eru að reyna finna nýjar og betri leiðir til að framleiða afurðir sínar eða þjónustu á meðan spurningin um nýjar vörur beinir sjónum að hvort þau reyna að finna nýjar vörur eða þjónustu handa viðskiptavinum sínum. Spurningin um menningu og listir nær síðan til viðleitni fyrirtækjanna til að beisla sköpunarkraft lista og menningar í sína þágu. Þess vegna er rétt að skoða a.m.k. svör þessara fjögurra spurninga/fullyrðinga til fá mynd af stöðu skapandi greina eftir landshlutum og atvinnugreinum.

### 5.4.1 NÝJAR VÖRUR

Fyrst verður greint frá hvaða svör fengust við spurningunni: *Að hve miklu leyti eru tekjur fyrirtækisins að koma vegna vöru- og þjónustu sem er ný?*

Þátttakendur gátu síðan merkt við eftirfarandi valkosti: Engar, 1-10%, 11-20%, 21-30%, 31-40%, 41-50%, 51-60%, 61-70%, 71-80%, 81-90%, 91-99% eða allar.

Síðan var námundun beitt til að tölusetja þetta betur niður á hlutfallskvarða eins og þann sem notaður er í myndrænni framsetningu. Það var gert þannig að svarið „engin“ fékk augljóslega gildið 0% og „allar“ 100% en svarið á bilinu „1-10%“ var valin talan 5,5%, „11-20%“ 15,5% og svo framvegis.

Um 15% tekna íslenskra fyrirtækja er vegna nýrra vara eða þjónustu (Mynd 68). Þarna munar mest um hlut Suðurnesja í þessu sem sker sig sérstaklega úr. Á Norðurlandi vestra er hlutfall nýrra vara í veltu lægst. Af þessum þremur höfuðatvinnugreinum er ferðaþjónustan með hæsta hlutfall nýrra vara/þjónustu. Ferðaþjónustan er samt bara í meðaltali allra atvinnugreina.




**Mynd 68: Nýjar vörur 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**

### 5.4.2 MENNING OG LISTIR

Svo skulum við athuga svörun við spurningunni: *„Að hve miklu leyti hefur fyrirtæki þitt tekjur af menningu og listum?“.*




**Mynd 69: Menning og listir 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**

Menning og listir eru um 5% af veltu fyrirtækja (Mynd 69). Mest var veltan af menningu hjá fyrirtækjum á Vesturlandi og minnst á Norðurlandi vestra. Ferðaþjónustan er lang duglegust að nýta sér menningu og listir af þeim þremur atvinnugreinum sem til skoðunar voru. Hún er líka mun duglegri heldur en aðrar atvinnugreina að jafnaði (sést t.d. á grænu súlunni).

Fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu bæta sig mest á milli ára í að nýta sér menningu og listir í sínum rekstri. Vesturland kemur svo þar á eftir. Einnig bætir Suðurland lítið eitt við (Mynd 70), en Norðurlandi og Vestfjörðum dregst þessi nýting hins vegar saman.




**Mynd 70: Menning og listir 2019 og 2018 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**

### 5.4.3 *Samantekt – skapandi greinar*

Tvær leiðir eru færar til að reikna samanburðarhæfa meðaleinkunn landshluta fyrir nokkra þætti sem hafa ólíka kvarða. Spurningarnar hafa kvarða með 11 raðtölum en kvarði fullyrðinganna eru 7 raðtölur. Í fyrsta lagi er hægt að finna raðtölu landshlutanna og fyrir þá fjóra þætti sem til skoðunar eru og taka síðan meðaltal. Í öðru lagi má umreikna kvarðana yfir í hlutfallseinkunn og reikna síðan meðaltal.

**Tafla 7: Skapandi greinar metnar eftir landshlutum með raðtölueinkunn**

| Landshluti | Nýjar vörur | Menning og listir | Þróun vinnuferla | Ný tækni | Skapandi greinar | Sæti |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurland | 7 | 6 | 7 | 8 | 7,00 | 1 |
| Höfuðborgarsvæðið | 5 | 7 | 8 | 7 | 6,75 | 2 |
| Norðurland eystra | 3 | 4 | 2 | 2 | 2,75 | 7 |
| Norðurland vestra | 1 | 1 | 1 | 1 | 1,00 | 8 |
| Suðurland | 2 | 5 | 4 | 3 | 3,50 | 6 |
| Suðurnes | 8 | 2 | 6 | 6 | 5,50 | 3 |
| Vestfirðir | 6 | 3 | 5 | 5 | 4,75 | 4-5 |
| Vesturland | 4 | 8 | 3 | 4 | 4,75 | 4-5 |

Leiðirnar hafa sína kosti og galla[6] og því voru báðar leiðir farnar og leiddu þær til mjög svipaðrar niðurstöðu á milli landshluta. Við horfum til hlutfallseinkunnar og þá hafna fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu í efsta sæti og fyrirtæki á Norðurlandi vestra í því lægsta. Því má segja að könnunin bendi til að flestar atvinnugreinar af höfuðborgarsvæðinu vinni í nýsköpun og teljist til skapandi greina en fæstar á Norðurlandi vestra.

**Tafla 8: Skapandi greinar metnar eftir landshlutum með hlutfallseinkunn**

| Landshluti | Nýjar vörur | Menning og listir | Þróun vinnuferla | Ný tækni | Skapandi greinar | Sæti |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurland | 16% | 6% | 58% | 75% | 39,0% | 2 |
| Höfuðborgarsvæðið | 16% | 6% | 63% | 75% | 39,9% | 1 |
| Norðurland eystra | 14% | 4% | 50% | 68% | 34,1% | 7 |
| Norðurland vestra | 11% | 2% | 43% | 66% | 30,6% | 8 |
| Suðurland | 12% | 5% | 53% | 69% | 34,6% | 6 |
| Suðurnes | 24% | 3% | 55% | 73% | 38,6% | 3 |
| Vestfirðir | 16% | 4% | 53% | 69% | 35,9% | 4 |
| Vesturland | 14% | 7% | 52% | 69% | 35,4% | 5 |

[6] Kostur raðtölueinkunnar er að hún heldur vægi þáttanna fjögurra jöfnu innbyrðis í heildareinkunn en gallinn er sá að það er erfitt að bæta sig á milli kannanna ef allir landshlutar bæta sig jafn mikið eða meira á milli kannanna. Kostur hlutfallseinkunnarinnar er að landshlutarnir geta sýnt fram á framfarir jafnvel þó aðrir landshlutar bæta sig líka á milli kannanna en vægi þáttanna í heildareinkunn verður mjög misjafnt á milli þátta.

## 5.5 VÆNTINGAR

Væntingar þeirra sem stjórna fyrirtækjunum eru mikilvægar þeim sem vilja fylgjast með efnahagsmálunum og spá eitthvað fyrir um framtíðina.

Væntingar fyrirtækja og einstaklinga segja almennt frekar mikið um það hvort þau og þeir séu líklegir til að ráðast í framkvæmdir eins og fjárfestingar o.þ.h. Fjárfestingar eru síðan oft ein af nokkrum mikilvægustu forsendum hagvaxtar eða/og virðisauka framleiðsluþáttanna í viðkomandi samfélögum sem síðan getur nýst til að hlúa að velferð í víðum skilningi.

Hér verður sagt frá svörum við tveimur spurningum sem endurspegla væntingar fyrirtækjanna. Það eru væntingar fyrirtækjanna um þróun sinna eigin tekna og síðan þróun efnahagsmála.

Þetta eru þó alls ekki einu svör þessarar könnunar sem greina frá framtíðarsýn eða væntingum forsvarsmanna fyrirtækjanna. Tvær fullyrðingar um tækniþróun gefa líka vísbendingar um væntingar fyrirtækjanna og fjallað hefur verið um þær hér á undan. Þetta voru fullyrðingarnar:

*Ég býst við því að taka nýja tækni í notkun innan fyrirtækisins á næstu 5-10 árum*

*Ég býst við því að tækniframfarir muni gera mér kleift að fækka starfsfólki*

Þau svör sem hér verður fjallað um tengjast afkomu fyrirtækjanna með beinni hætti: Tekjur fyrirtækjanna og útlit í efnahagsmálum.

### *5.5.1 VÆNT TEKJUÞRÓUN*

Spurt var um vænta tekjuþróun og verður greint frá svörunum hér. Spurningin hljóðaði svona: *Telur þú að heildartekjur á yfirstandandi starfsári verði meiri, svipaðar eða minni en á síðasta ári?* Þar gátu þátttakendur merkt við:

○ Mikið meiri tekjur ○ Meiri tekjur ○ Svipaðar tekjur ○ Minni tekjur ○ Mikið minni tekjur

Fleiri áttu von á því að tekjurnar yrðu meiri í ár en í fyrra (Mynd 71). Mestar væntingar um jákvæðar þróun tekna á milli ára voru á Vestfjörðum (Mynd 72). Sístar á Suðurnesjum. Ekki var mikill munur á milli atvinnugreina hvað þetta snerti. Innan þeirra gat hins vegar verið all nokkur munur eftir landshlutum.

Þegar horft var til allra þátttakenda (allra svæða) þá gefa væntingarnar um þróun heildartekna lítið eitt eftir (Mynd 73). Þar eru horfur ferðaþjónustunnar og sjávarútvegsins neikvæðar en jákvæðar í landbúnaði. Breytingarnar voru jákvæðar á milli ára á Austurlandi, Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Neikvæðar voru þær á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi.




**Mynd 71: Væntar heildartekjur 2019**




**Mynd 72: Væntar heildartekjur 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 5.




**Mynd 73: Væntar heildartekjur 2019 og 2018 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**

### 5.5.2 *VÆNT ÚTLIT Í EFNAHAGSMÁLUM AÐ MATI FYRIRTÆKJA Á LANDSBYGGÐINNI*

Horfur í efnahagsmálum eru öllum rekstraraðilum mikilvægar og hafa mikil áhrif á hátterni þeirra. Hér verður greint frá svörum við spurningu sem beindist að því. Það var gert með því að spyrja: *Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mánuði?* Síðan gafst þátttakendum kostur á að merkja við: 1) Mikið verri, 2) Verri, 3) Óbreyttar, 4) Betri, og 5) Mikið betri.

Fleiri telja efnahagsástandið versna en þeir sem telja það batna á næstu 12 mánuðum (sést á því að meðaltal grænu súlunnar lægra en 3). Það ríkir því svartsýni á aðstæður í efnahagslífinu (Mynd 76). Á Suðurnesjum og Vestfjörðum voru þátttakendur svartsýnastir. Minnst svartsýnir voru þátttakendur á Austurlandi og Norðurlandi eystra. Af þessum þremur atvinnugreinum voru fyrirtæki í sjávarútvegi svartsýnust en minnst svartsýn voru fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Athygli vekur að þátttakendur voru bjartsýnni 2019 en 2018 á horfurnar í efnahagslífinu (Mynd 76). Það gilti fyrir öll landsvæði og allar atvinnugreinarnar þrjár sem voru til skoðunar sérstaklega, en þó síst fyrirtæki í sjávarútvegi.




**Mynd 74: Vænt efnahagsástand 2019**




**Mynd 75: Vænt efnahagsástand 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 7.




**Mynd 76: Vænt efnahagsástand 2019 og 2018 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**

### 5.5.3 *FJÖLGA EÐA FÆKKA FÓLKI*

Til þess að fá vísbendingar um starfsmannahald var spurt: *Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?* (Mynd 77).




**Mynd 77: Starfsmannahald 2018 og 2019**

Meiri óvissa var á vinnumarkaði 2019 en 2018 þar sem fleiri svara því til að þeir muni hvorki fjölga fólki né fækka, færri ætla að fjölga og heldur fleiri ætla að fækka (Mynd 77).

Vinnumarkaðurinn virðist víða vera í jafnvægi því ef meðaltal nokkurra fyrirtækja (t.d. í tilteknum landshluta eða atvinnugrein) er þrír þá er engin munur á milli fjölda þeirra fyrirtækja sem ætla að fjölga eða fækka. Bestar eru horfurnar á Austfjörðum þá á Vestfjörðum en sístar meðal fyrirtækja sem rekin eru úti á landi en í eigu höfuðborgarbúa og á Suðurnesjum (Mynd 78). Þegar horft var til fyrirtækja í höfuðatvinnugreinunum þremur voru horfurnar sístar meðal fyrirtækja í sjávarútvegi þá landbúnaði en bestar í ferðaþjónustu.




**Mynd 78: Starfsmannahald 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**
Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 5.




**Mynd 79: Starfsmannahald 2018 og 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**

Atvinnuhorfur versnuðu á öllum landsvæðum milli áranna 2018 og 2019 nema á Vestfjörðum en þó sérstaklega á Austurlandi (Mynd 79). Ferðaþjónustan virðist stuðla að því á báðum svæðum. Þó versna atvinnuhorfur í ferðaþjónustu á landinu öllu og enn meira í sjávarútvegi. Horfurnar versna ekki í landbúnaði.




**Mynd 80: Fyrirhugaðar breytingar á starfsmannahaldi 2018 og 2019 eftir landshlutum**

Hér er samanburður á milli 2018 og 2019 með aðeins öðru sniði og bætt við hversu sammála menn eru um það meðaltal sem hver landshluti fékk (Mynd 80). Myndin sýnir að á Austurlandi eru menn meira á því að ráða en í fyrra og þeir eru meira sammála um þá afstöðu sína en á síðasta ári. Á Suðurnesjum snýst þetta hins vegar við. Þar eru menn ákveðnari í að ráðast í uppsagnir en miklu meira ósammála um þá afstöðu sína en í fyrra. Á Suðurlandi eru menn meira sammála en í fyrra og ákveðnari í að ráðast í uppsagnir frekar en að ráða.

### 5.5.4 *FRAMLEIÐSLUTÆKI – FJÁRFESTINGAR*

Í könnuninni voru fyrirtæki spurð hvort þau ætluðu að ráðast í fjárfestingar eða losa sig við framleiðslutæki og aðra fastafjármuni. Spurningin var orðrétt svona: *Hvort telur þú að fyrirtækið eigi eftir að bæta við rekstrarhúsnæði og/eða -búnaði eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum? Það gildir einu hvort fyrirtækið á, kaupir eða leigir viðkomandi húsnæði eða búnað. Með búnaði er átt við land, kvóta, tæki, bíla, innréttingar og annað þess háttar.* Þá gátu þátttakendur merkt við 1) Bæta miklu við, 2) Bæta við, 3) Hvorki né, 4) Draga saman og 5) Draga mikið saman.

28,5% sögðust ætla að bæta við og 11,7% sögðust ætla að draga saman (Mynd 81). Þörfin virðist ekki breytast verulega á milli ára. Athygli vekur að fleiri ætla sér að fjárfesta en þeir sem ætla að ráða fólk (Mynd 7).




**Mynd 81: Fjárfestingar 2019 og 2018**

Fjárfestingarvilji, sem reiknaður var sem meðaltal[7], var mestur á Austurlandi og Suðurlandi. Sístur var hann hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum (Mynd 82). Á milli atvinnugreina var fjárfestingavilji mestur í landbúnaði þó munurinn hafi ekki verið mikill. Þeir sem svöruðu fyrir landbúnaðinn á Suðurlandi og Norðurlandi eystra voru í einna mestum fjárfestingarhugleiðingum ásamt ferðaþjónustu á Vestfjörðum og sjávarútvegi á Norðurlandi vestra.

Fjárfestingarviljinn dróst víða saman á milli kannanna, mest á Suðurnesjum og hjá fyrirtækjum af höfuðborgarsvæðinu (Mynd 83) og var samdrátturinn mestur í sjávarútvegi.

[7] Sviginn (fjöldi þeirra sem sögðust ætla bæta við og bæta miklu við deilt með fjölda þeirra sem ætla að draga saman og draga mikið saman) að frádreginni tölunni 1.




**Mynd 82: Fjárfestingar 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**

Skali lóðrétta ássins á bilinu 1 til 5.




**Mynd 83: Fjárfestingar 2018 og 2019 eftir landsvæðum og atvinnugreinum**




**Mynd 84: Fyrirhugaðar breytingar á fjárfestingum 2018 og 2019 eftir landshlutum**

Þrír punktar eru sérstaklega athyglisverðir í þessari mynd: Suðurnes, höfuðborgarsvæðið og Austurland (Mynd 84). Á Suðurnesjum dregur mjög mikið úr fjárfestingarvilja á milli kannanna og þátttakendur er heldur meira sammála um það en þann fjárfestingavilja sem þeir tjáðu í fyrra. Á höfuðborgarsvæðinu dregur úr fjárfestingavilja á milli ára en um þetta eru þátttakendur þaðan mikið meira sammála en í fyrra. Á Austurlandi eykst fjárfestingaviljinn á milli kannanna sem og það hversu meira sammála menn eru um þá afstöðu.

Á Vestfjörðum eykst viljinn til fjárfestinga en um þá afstöðu eru þátttakendur meira ósammála en en afstöðuna í fyrra (Mynd 84). Þegar svarið fyrir alla þátttakendur er skoðað sjáum við að það dregur lítið eitt úr fjárfestingavilja og um það svar eru þátttakendur meira sammála en svarið í fyrra.

# 6 ATVINNUGREINAR

Eins og áður hefur komið fram byggir samantektin fyrir atvinnugreinarnar á líkani sem hefur verið kennt við radar eða köngulóavef. Það virkar þannig að við hvert horn líkansins er ás fyrir tiltekinn undirþátt. Tilteknir þættir eiga meira við atvinnugreinina þeim mun nær sem línan er horni viðkomandi þáttar. Á hverri mynd er meðaltal allra sem tóku þátt í könnuninni borið saman við viðkomandi grein. (Kafli 3.3)

## 6.1 LANDBÚNAÐUR




**Mynd 85: Staða framleiðsluþátta í landbúnaði**

Hér er staða framleiðsluþátta sýnd fyrir landbúnaðinn. Á henni sést að endurmenntun er að jafnaði minni í landbúnaði en annars staðar í atvinnulífinu. Það sama gildir um alla aðra undirþætti stöðu framleiðsluþátta nema tækni og starfsfólk þar sem munurinn er hverfandi lítill.




**Mynd 86: Stefna fyrirtækja í landbúnaði, uppbygging og samkeppni í landbúnaði**

Í landbúnaði er aðlögunarhæfni starfsmanna helduri meiri en hjá öðrum atvinnugreinum að jafnaði en aðrir þættir eru minni en munurinn þó minnstur þegar skoðuð er þörf fyrir rekstrar-ráðgjöf.




**Mynd 87: Væntingar í landbúnaði**

Væntingar í landbúnaði eru svipaðar og hjá öðrum atvinnugreinum, þó má sjá að viljinn til fjárfestinga er örlítið meiri.




**Mynd 88: Væntingar í landbúnaði, breyting á milli kannana**

Væntingar í landbúnaði breyttust mun meira á milli áranna 2018 og 2019 en í öðrum atvinnugreinum, minnst var breytingin varðandi ástand í efnahagslífinu en mest í heildartekjum. Einnig benti hugur fyrirtækja í landbúnaði til ráðninga starfsfólks og áætlanir um frekari fjárfestingar til að væntingar bötnuðu meira á milli kannana þar en í öðrum atvinnugreinum.




**Mynd 89: Nýsköpun í landbúnaði, skapandi greinar og fleira**

Allir fjórir þættir sem skoðaðir voru varðandi nýsköpun, skapandi greinar og fleira eru minni í landbúnaði en öðrum greinum og er það mest áberandi þörf fyrir menntað starfsfólk eða faglærða sem er talsvert minni en í öðrum atvinnugreinum.




**Mynd 90: Nýsköpun í landbúnaði, skapandi greinar og fleira, breyting á milli kannana**

Áberandi var að þörf fyrir menntun starfsmanna jókst mikið milli 2018 og 2019 þó svo að mynd 90 hér á undan sýni að landbúnaður sé almennt að nota minna af skólagengnum starfsmönnum eða faglærðum.

## 6.2 SJÁVARÚTVEGUR




**Mynd 91: Staða framleiðsluþátta í sjávarútvegi**

Við skoðun stöðu framleiðsluþátta í sjávarútvegi eru þættirnir endurmenntun, þjálfunarþörf og viljugir starfsmenn lítið eitt minni en hjá öðrum atvinnugreinum. Þróun vinnuferla er meiri en mesti munurinn er í tækniframförum sem munu gera það að verkum að starfsfólki fækkar.




**Mynd 92: Stefna fyrirtækja í sjávarútvegi, uppbygging og samkeppnií sjávarútvegi**

Í sjávarútvegi eru fjöldi eigenda að fyrirtækjunum meiri að jafnaði en í öðrum greinum. Samkeppni og þörf fyrir rekstrarráðgjöf er svipuð og hjá öðrum en þegar kemur að aðlögunarfærni starfsmanna og seiglu fyrirtækisins þá er hún minni en að meðaltali allra atvinnugreinanna.




**Mynd 93: Væntingar í sjávarútvegi**

Væntingar í sjávarútvegi varðandi heildartekjur og fjárfestingar haldast í hendur við meðaltalið í greinunum. Sjávarútvegurinn sér fram á lítið eitt meiri fækkun starfsmanna en aðrar greinar, sem er í samræmi við að í greininni er talið að tækniframfarir muni leiða til fækkunar starfsfólks. Horfur í efnahagsmálum eru heldur verri að mati fyrirtækja í sjávarútvegi en annarra atvinnugreina.




**Mynd 94: Væntingar í sjávarútvegi, breyting á milli kannana**

Milli áranna 2018 og 2019 jókst hugur til fjárfestinga í sjávarútvegi meira en í öðrum atvinnugreinum en það dró meira úr væntum heildartekjum í sjávarútvegi en öðrum greinum. Horfur í efnahagsmálum bötnuðu á milli kannanna en miklu minna að mati fyrirtækja í

sjávarútvegi. Breytingin á milli kannanna varðandi mannaráðningar í sjávarútvegi var í takti við það sem fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum báru vitni um, lítið eitt neikvæð.




**Mynd 95: Nýsköpun í sjávarútvegi, skapandi greinar og fleira**

Sjávarútvegurinn telur meiri þörf fyrir menntun og færni hjá starfsmönnun en aðrar greinar að meðaltali. Hins vegar var hlutfall tekna af nýjum vörum ásamt menningu og listum eru minni í sjávarútvegi en hjá öðrum atvinnugreinum.




**Mynd 96: Nýsköpun í sjávarútvegi, skapandi greinar og fleira, breyting á milli kannana**

Þörf fyrir aukna menntun og færni starfsmanna jókst milli áranna 2018 og 2019 í sjávarútvegi en hlutfall tekna í menningu og listum fór minnkandi.

## 6.3 Ferðaþjónusta




**Mynd 97: Staða framleiðsluþátta í ferðaþjónustu**

Staða framleiðsluþátta í ferðaþjónustu er mjög svipuð og meðaltal allra atvinnugreinanna. Þó má sjá að starfsmenn eru örlítið viljugri ásamt því að þörf fyrir þjálfun starfsmanna er meiri, en líkur á að tækniframfarir leiði til færra starfsfólks er heldur minni en í meðaltalinu.




**Mynd 98: Stefna fyrirtækja í ferðaþjónustu, uppbygging og samkeppni í ferðaþjónustu**

Fjöldi eigenda í ferðaþjónstu virðist svipaður og meðaltalið segir til um. Minna er um að fyrirtæki í ferðaþjónustu þyki skorta rekstrarráðgjöf en starfsmenn í ferðaþjónustu hafa meiri aðlögunarfærni, fyrirtækin eru seigari og algengara að notuð sé markmiðasetning. Ferðaþjónustufyrirtæki telja sig í meiri samkeppni að jafnaði en aðrar atvinnugreinar.




**Mynd 99: Væntingar í ferðaþjónustu**

Væntingar í ferðaþjónustu eru að jafnaði svipaðar og meðaltal væntinga í öðrum atvinnugreinum sem hér er fjallað um.




**Mynd 100: Væntingar í ferðaþjónustu, breyting á milli kannana**

Væntingar í ferðaþjónustu breyttust þó örlítið milli kannana miðað við aðrar atvinnugreinar. Bjartsýni jókst lítið eitt meira um þróun efnahagsmála í ferðaþjónustu og horfur í mannaráðningum örlítið jákvæðari í ferðaþjónustu en öðrum greinum. Þá jókst fjárfestingarviljinn í ferðaþjónustu meira en í öðrum greinum þrátt fyrir að heldur drægi úr væntingum um heildartekjur í þeim samanburði.




Mynd 101: Nýsköpun í ferðaþjónustu, skapandi greinar og fleira

Ferðaþjónustan telur skorta meira á færni starfsmanna en aðrar greinar en metur menntunarþörfina svipaða. Hlutfall tekna af menningu og listum er hærra hjá ferðaþjónustunni en öðrum greinum en af nýjum vörum litlu meira en meðaltalið segir til um.




Mynd 102: Nýsköpun í ferðaþjónustu, skapandi greinar og fleira, breyting á milli kannana

Mikil aukning er milli kannana 2018 og 2019 hvað varðar þörf á menntun og færni starfsmanna í ferðaþjónustu miðað við aðrar greinar en hlutfall af tekjum af menningu og listum hefur minnkað lítið eitt á milli ára í slíkum samanburði.

# 7 Niðurstöður, landfræðileg greining

Sjónarhorn þessarar greiningar er hversu vel atvinnulífið styður við almenna velferð í hinum ýmsu samfélögum landsbyggðarinnar.

Hér var ákveðið að fjalla um mestu styrkleika og veikleika landshlutanna á grundvelli niðurstöðu spurningakönnunarinnar. Þá verða tvö efstu og neðstu sætin dregin út meðal landshlutanna nema að umfjöllunin hafi gefið tilefni til annars t.d. af samhengi skýrslunnar og efnislegri umfjöllun.

Greiningin á veikleikum og styrkleikum byggir eingöngu á því hvort landshlutinn lenti ofarlega eða neðarlega í samanburði við aðra landshluta. Ef hagsmunir fyrirtækjanna og samfélagsins eru ólíkir er varðar einstaka þætti þessarar greiningar, eins og í tilfelli mikillar eða lítillar samkeppni, þá verða hagsmunir samfélagsins látnir ráða við túlkun á styrkleikum og veikleikum sem er í samræmi við Þjóðardemant Porters (Porter, 1990). Í sumum tilvikum er jafnvel ekki alveg augljóst hvort hátt skor bendi til kosts eða ókosts fyrir landshlutann. Hér verða færð rök fyrir því hvernig nokkrir þættir, sem gátu orkað tvímælis á þennan hátt, voru flokkaðir í kosti eða ókosti.

- **Vöntun á starfsfólki með ákveðna menntun**. Ákveðið var að líta á vöntun að þessu leyti sem kost því það bendir til þess að fyrirtæki séu að sækja fram með sérhæft starfsfólk sem bendir til þess að vörur/afurðir fyrirtækjanna séu samkeppnishæfari og að laun í viðkomandi landshluta séu á uppleið. Það hefði alveg verið hægt að líta á þetta sem ókost ef svarið hefði verið túlkað sem svo að erfitt væri að fá menntað starfsfólk í viðkomandi landshluta.
- **Ferðamenn**. Það var talinn kostur í þessari greiningu fyrir samfélögin úti á landi að þeir hefðu tekjur af ferðamönnum og ferðaþjónustufyrirtækjum því flest sveitarfélög virðast hafa kostnað af þeim en ekki er eins öruggt að þau hafi af þeim tekjur (Vífill Karlsson, Hjalti Jóhannsson, & Jón Óskar Pétursson, 2017). Þá kom einnig fram hér og annars staðar að þetta er ein af fáu landdreifðu atvinnugreinunum sem eru í einhverjum vexti og hefur nýst smæstu byggðunum einna mest eins og ein greining í fyrri fyrirtækjakönnun benti til (Vífill Karlsson, 2019, bls. 75-77) .
- **Afkoma fyrirtækja**. Gagnvart samfélögum er almennt talið að ofurhagnaður sé ekki af hinu góða því það getur m.a. bent til þess að samkeppni sé lítil, laun óheppilega lág eða vöruverð of hátt sem grefur almennt undan afkomu heimilanna. Hins vegar er tap þeirra af hinu illa því það stefnir þeim í þrot. Þar sem há laun (vinnuaflsvægi) hafa þegar verið talin til kosta í þessari greiningu og mörg fyrirtækja úti á landi eru mest í viðskiptum við aðila annar staðar (í öðrum landsvæðum eða útlöndum) þá einföldum við greininguna og teljum það einhlítan kost að afkoma fyrirtækja sé góð. Hér er vísbending fyrir afkomu mæld með væntum tekjum.

## 7.1 Samantekt styrkleika og veikleika

Að lokum var gerð tilraun til að draga saman styrkleika og veikleika landshlutanna í eina einkunn og bera þá saman með þeim hætti.

Ákveðið var að hafa einkunnina einfalda. Gefið var fyrir tvö efstu sætin milli landshluta, tvo fyrir efsta sæti og einn fyrir það næstefsta. Að auki fengu landshlutarnir einkunn (refsistig) ef þeir lentu í tveimur neðstu sætunum: mínus einn fyrir næst neðsta og mínus tveir fyrir það neðsta. Þá fengu

landshlutarnir hálfan ef eitthvert landsvæði landshlutans hafði lent í þremur efstu eða þremur neðstu en þó eingöngu ef landshlutinn hafði ekki fengið einkunn í landshlutasamanburðinum. Þarna gilti einu hvort landsvæðin væru eitt eða fleiri, landshlutinn fékk bara hálfan ef eitt eða fleiri landsvæði landshlutans fengu einkunn við þau skilyrði að landshlutinn allur fengi enga einkunn í þeim samanburði.

Hér skal varað við oftúlkun en einkunn eins og þessi er auðvitað bara tilraun gefa einhverjar vísbendingar og yfirsýn yfir landshlutana og á milli þeirra en langt frá því að vera hafin yfir nokkurn vafa.

Hér er t.d. gert ráð fyrir því að þeir þættir sem horft var til í þessari greiningu séu landshlutunum jafnir að mikilvægi.

**Tafla 9: Yfirlit styrkleika og veikleika einkunn landshlutanna 2018**

| Landshluti | Styrkleikar | Veikleikar | Mismunur |
|---|---:|---:|---:|
| Suðurnes | 15 | 2 | 13 |
| Suðurland | 6,5 | 2 | 4,5 |
| Vestfirðir | 5,5 | 3,5 | 2 |
| Vesturland | 4 | 3,5 | 0,5 |
| Norðurland eystra | 4 | 5,5 | -1,5 |
| Höfuðborgarsvæðið | 5 | 9 | -4 |
| Austurland | 4,5 | 10 | -5,5 |
| Norðurland vestra | 1,5 | 13,5 | -12 |

Samkvæmt þessari reikniaðgerð (Tafla 9) kom í ljós að Suðurnes og Suðurland koma best út en Suðurnes koma nú miklu betur út en Suðurland. Athygli vekur að Vestfirðir eru í þriðja sæti. Í neðstu sætunum tveimur lentu Norðurland vestra og Austurland.

Samskonar einkunn var unnin fyrir 2019 og varð mikil hreyfing við það frá árinu áður. Austurland og höfuðborgarsvæðið lentu í tveimur efstu sætunum en Vesturland og Norðurland vestra í tveimur neðstu sætunum (Tafla 10). Þessi heildareinkunn sundurliðast eins og sjá má hér næst (Tafla 11).

**Tafla 10: Yfirlit styrkleika og veikleika einkunn landshlutanna 2019**

| Landshluti | Styrkleikar | Veikleikar | Mismunur |
|---|---:|---:|---:|
| Austurland | 22 | 3 | 19 |
| Höfuðborgarsvæðið | 23 | 9 | 14 |
| Vestfirðir | 11 | 10 | 0 |
| Norðurland eystra | 3 | 6 | -2 |
| Suðurland | 1 | 5 | -4 |
| Suðurnes | 13 | 17 | -4 |
| Vesturland | 4 | 9 | -5 |
| Norðurland vestra | 7 | 25 | -18 |

**Tafla 11: Styrkleika og veikleika einkunnir landshlutanna 2019**

| | Austurland | Höfuðborgarsvæði | Norðurland eystra | Norðurland vestra | Suðurland | Suðurnes | Vestfirðir | Vesturland |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Staða framleiðsluþátta | | | | | | | | |
| • Endurmenntun | | 2 | | -2 | | 1 | -1 | |
| • Þróun vinnuferla | 1 | 2 | -1 | -2 | | | | |
| • Þjálfun nýráðinna | 1 | 2 | | -2 | | | -1 | |
| • Kvikir starfsmenn | 1 | | -1 | -2 | | 2 | | |
| • Ný tækni | 2 | 1 | -1 | -2 | | | | |
| • Tækni og starfsfólk | | 1 | | -2 | | 2 | -1 | |
| Stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni | | | | | | | | |
| • Samkeppni | | 1 | | -2 | | 2 | | -1 |
| • Fjöldi eigenda | | 1 | | -2 | | | 2 | -1 |
| • Rekstrarráðgjöf | -2 | -1 | | 2 | | | 1 | |
| • Endurskipulagning | | | | -2 | -1 | 2 | | 1 |
| • Markmiðasetning | | 2 | -1 | | | 1 | -2 | |
| • Aðlögunarhæfni starfsmanna | -1 | -2 | | 2 | | 1 | | |
| • Seigla fyrirtækisins | 1 | 2 | | | | | -1 | -2 |
| Nýsköpun og skapandi greinar | | | | | | | | |
| • Nýjar vörur | 1 | | | -2 | -1 | 2 | | |
| • Menning og listir | | 1 | | -2 | | -1 | | 2 |
| • Menning og listir, breyting | | 2 | | -1 | | | -2 | 1 |
| Væntingar | | | | | | | | |
| • Heildartekjur | | | | 1 | | -2 | 2 | -1 |
| • Heildartekjur, breyting | 2 | -1 | | 1 | | -2 | | |
| • Efnahagsástand | 2 | | 1 | | | -2 | -1 | |
| • Efnahagsástand, breyting | 1 | | 2 | | -2 | | -1 | |
| • Starfsmannahald | 2 | -2 | | | | -1 | 1 | |
| • Starfsmannahald, breyting | 2 | | | | | -2 | 1 | -1 |
| • Fjárfestingar | 2 | -2 | | | 1 | -1 | | |
| • Fjárfestingar, breyting | 2 | -1 | | | | -2 | 1 | |
| Annað | | | | | | | | |
| • Menntunarþörf | | 1 | | -2 | | | 2 | -1 |
| • Menntunarþörf, breyting | | 2 | | | -1 | -2 | 1 | |
| • Færniþörf | 2 | 1 | -1 | | | | | -2 |
| • Færniþörf, breyting | | 2 | | 1 | | -2 | -1 | |
| *Styrkleikar* | 22 | 23 | 3 | 7 | 1 | 13 | 11 | 4 |
| *Veikleikar* | -3 | -9 | -5 | -25 | -5 | -17 | -11 | -9 |
| ***Samtals*** | ***19*** | ***14*** | ***-2*** | ***-18*** | ***-4*** | ***-4*** | ***0*** | ***-5*** |
| ***Sæti*** | ***1*** | ***2*** | ***4*** | ***8*** | ***5-6*** | ***5-6*** | ***3*** | ***7*** |

**Tafla 12: Raðtölueinkunn landshlutanna 2019**

| | Austurland | Höfuðborgarsvæði | Norðurland eystra | Norðurland vestra | Suðurland | Suðurnes | Vestfirðir | Vesturland |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Staða framleiðsluþátta | | | | | | | | |
| • Endurmenntun | 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 7 | 2 | 5 |
| • Þróun vinnuferla | 7 | 8 | 2 | 1 | 4 | 6 | 5 | 3 |
| • Þjálfun nýráðinna | 8 | 7 | 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 3 |
| • Kvikir starfsmenn | 7 | 6 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| • Ný tækni | 8 | 7 | 2 | 1 | 3 | 6 | 5 | 4 |
| • Tækni og starfsfólk | 6 | 7 | 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 3 |
| Stefna fyrirtækja, uppbygging og samkeppni | | | | | | | | |
| • Samkeppni | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 | 2 |
| • Fjöldi eigenda | 3 | 7 | 4 | 1 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| • Rekstrarráðgjöf | 1 | 2 | 4 | 8 | 6 | 3 | 7 | 5 |
| • Endurskipulagning | 4 | 6 | 5 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 |
| • Markmiðasetning | 5 | 8 | 2 | 3 | 4 | 7 | 1 | 6 |
| • Aðlögunarhæfni starfsmanna | 2 | 1 | 3 | 8 | 4 | 7 | 5 | 6 |
| • Seigla fyrirtækisins | 7 | 8 | 5 | 3 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| Nýsköpun og skapandi greinar | | | | | | | | |
| • Nýjar vörur | 7 | 5 | 3 | 1 | 2 | 8 | 6 | 4 |
| • Menning og listir | 6 | 7 | 4 | 1 | 5 | 2 | 3 | 8 |
| • Menning og listir, breyting | 5 | 8 | 3 | 2 | 6 | 4 | 1 | 7 |
| Væntingar | | | | | | | | |
| • Heildartekjur | 6 | 5 | 3 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 |
| • Heildartekjur, breyting | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 | 8 | 3 | 6 |
| • Efnahagsástand | 8 | 3 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 5 |
| • Efnahagsástand, breyting | 7 | 4 | 8 | 5 | 1 | 3 | 2 | 6 |
| • Starfsmannahald | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 2 | 7 | 3 |
| • Starfsmannahald, breyting | 8 | 5 | 6 | 4 | 3 | 1 | 7 | 2 |
| • Fjárfestingar | 8 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 4 |
| • Fjárfestingar, breyting | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| Annað | | | | | | | | |
| • Menntunarþörf | 6 | 7 | 4 | 1 | 3 | 5 | 8 | 2 |
| • Menntunarþörf, breyting | 6 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |
| • Færniþörf | 8 | 7 | 2 | 3 | 2 | 5 | 6 | 1 |
| • Færniþörf, breyting | 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 1 | 2 | 3 |
| ***Samtals*** | ***165*** | ***160*** | ***118*** | ***87*** | ***115*** | ***128*** | ***121*** | ***112*** |
| **Sæti** | **1** | **2** | **5** | **8** | **6** | **3** | **4** | **7** |
| **Breyting á sæti á milli aðferða** | **0** | **0** | ⇓**1** | **0** | ⇓**1** | ⇑**2** | ⇓**1** | **0** |

Ákveðnar áhyggjur vöknuðu gagnvart því að engin einkunn væri gefin fyrir sætin á milli tveggja hæstu og lægstu einkunnanna. Þá var prófað að gefa raðtölueinkunn fyrir öll sætin sem skilað breyttri niðurstöðu og var ákveðið að styðjast við hana hér eftir.

**Tafla 13: Yfirlit raðtölueinkunn landshlutanna 2019**

| **Landshluti** | **Styrkleikar** |
|---|---:|
| Austurland | 165 |
| Höfuðborgarsvæðið | 160 |
| Suðurnes | 128 |
| Vestfirðir | 121 |
| Norðurland eystra | 118 |
| Suðurland | 115 |
| Vesturland | 112 |
| Norðurland vestra | 87 |

Niðurstaðan breyttist ekki fyrir tvö efstu og tvö neðstu sætin en miðsætin fluttust til. Austurland hélt sínu fyrsta sæti, höfuðborgarsvæðið öðru, Vesturland næst neðsta sæti og Norðurland vestra rak lestina (Tafla 13). Suðurland, Norðurland eystra og Vestfirðir lækkuðu um eitt sæti en Suðurnesin fóru upp um tvö sæti úr því fimmta í það þriðja (Tafla 12). Þar sem höfundi finnst þessi aðferð traustari verður stuðst við hana og hér eftir í fyrirtækjakönnunum.

# 8 ATHYGLISVERT OG ÓVÆNT Í NIÐURSTÖÐUNUM

## 8.1 MIKIL BREYTING Á ÚTKOMU SUMRA SVEITARFÉLAGA Á MILLI KANNANNA

Útkoma einstakra landsvæða breyttist stundum mikið á milli kannanna. Það sést m.a. á því að Austurland hækkaði um sex sæti frá í fyrra ef sama aðferð er notuð til draga saman heildarárangur landsvæðanna í könnuninni (Tafla 14). Frábær árangur hjá Austurlandi en kannski ekki eins auðvelt að útskýra þessa miklu sveiflu. Líklegasta skýringin er sú að nú er verið að spyrja annarra spurninga en í fyrra með fáeinum undartekningum. Núna eru tveir meginþættir Demantslíkansins af fjórum með í könnuninni og Austurland skoraði sérstaklega hátt í þættinum staða framleiðsluþátta en mun síður í stefnu fyrirtækja, uppbygging og samkeppni. Síðan var alger viðsnúningur hjá Austurlandi við svörum við hugmyndum um fjárfestingar, starfsmannahald og horfur í efnahagsmálum. Það getur tengst því hvað fáir hafa tekið þátt á Austurlandi og/eða mögulega vegna þess að þátttaka á Austurlandi er ólík 2019 en því sem var 2018 m.t.t. til atvinnugreina. Þegar þátttakendur á Austurlandi voru brotnir upp á milli atvinnugreina kom í ljós að vægi sjávarútvegs er meira 2019 en 2018 og landbúnaðar lægra (Mynd 103). Þetta útskýrir tæplega þennan mikla viðsnúning í svörun við spurningum varðandi menntunar og færniþörf (Mynd 90, Mynd 89, Mynd 95 og Mynd 96). Vægi annarra atvinnugreina jókst líka (Mynd 103) og mögulegt að skýringin liggi þar að hluta til.

**Tafla 14: Yfirlit breytinga á sætaskipan landsvæða milli kannanna**

| Landshluti | 2019 | Breyting frá 2018 | Raðtölueinkunn 2019 m.v. hina 2019 einkunnina |
|---|---|---|---|
| Austurland | 22 | ⇑6 | 0 |
| Höfuðborgarsvæðið | 23 | ⇑4 | 0 |
| Vestfirðir | 11 | 0 | ⇓1 |
| Norðurland eystra | 3 | ⇑1 | 0 |
| Suðurland | 1 | ⇓3 | ⇓1 |
| Suðurnes | 13 | ⇓5 | ⇑2 |
| Vesturland | 4 | ⇓3 | ⇓1 |
| Norðurland vestra | 7 | 0 | 0 |

Höfuðborgarsvæðið (eða fyrirtæki þaðan) bætti sig líka mikið en þar munar mest um hvað það kemur vel út úr svörum vegna stöðu framleiðsluþátta. Aðrir koma ekkert sérstaklega vel út nema nýting menningar og lista sem batnaði mjög mikið á milli kannanna og heildartekjur einnig.

Þriðja stóra breytingin á milli kannanna var á Suðurnesjum sem féll úr toppsætinu frá í fyrra í það sjötta og lækkaði því um fimm sæti. Það var meira viðbúið en breytingarnar á hinum tveimur fyrri þar sem fall Wow-air hafði mikil áhrif á ferðaþjónustuna og veltuna í kringum Leifsstöð.

Breytingar annarra landshluta voru helstar lækkun Suðurlands og Vesturlands um þrjú sæti sem gæti tengst falli Wow-air og áhrifa þess á ferðaþjónustuna þar sem þeir landshlutar hafa verið frekar stórir í ferðaþjónustu, einkum Suðurland.




**Mynd 103: Þátttaka á Austurlandi eftir grófri atvinnugreinaskiptingu 2018 og 2019**

Vestfirðir og Norðurland vestra halda sínum sætum. Þess skal þó getið að þeir landshlutar sem lentu á miðjunni fengu mjög svipaðar einkunnir þannig að það þurfti ekki mikið til að breyta sætaröðinni þar. Tveir stigahæstu landshlutarnir Austurland og höfuðborgarsvæðið fengu töluvert hærri einkunnir en þau sem lentu á miðjunni og Norðurland vestra töluvert lægri en þau sem næst komu.

## 8.2 Betri útkoma ferðaþjónustufyrirtækja en búist var við

Væntingar ferðaþjónustufyrirtækja til sinnar eigin afkomu og almennrar hagþróunar í landinu skáru sig ekki frá meðaltali annarra atvinnugreina (Mynd 99). Við sjáum þó að þetta var mjög breytilegt eftir landshlutum þar sem útkoma, væntingar og sýn ferðaþjónustufyrirtækja á Suðurlandi, höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og svolítið á Vesturlandi voru svartsýnni en í öðru landshlutum (Mynd 72 til Mynd 83).

Ferðaþjónustan kemur reyndar nokkuð vel út er varðar nýsköpun í samanburði við hinar tvær megin atvinnugreinar könnunarinnar (Mynd 101 borið saman við Mynd 95 og Mynd 89) og sækir heldur í sig veðrið að þessu leyti (Mynd 102 borið saman við Mynd 96 og Mynd 90). Þá er samkeppnisstaða greinarinnar nokkuð góð einkum ef horft er til stefnu fyrirtækjanna, uppbyggingu og samkeppni (Mynd 98 borið saman við Mynd 92 og Mynd 86).

## 8.3 Breyting á eftirspurn eftir vinnuafli með sérstaka menntun og færni

Í síðustu fyrirtækjakönnun var ekki unnið upp úr opnu spurningunum varðandi skort fyrirtækjanna á faglærðum starfsmönnum og starfsmönnum með sérstaka færni. Fyrst var spurt um hvort fyrirtækin vantaði starfsmenn með sérstaka menntun og í kjölfarið voru þau sem svöruðu

því játandi beðin um að tilgreina hverskonar menntun það væri sem vantaði inn í fyrirtækin. Spurningin fyrir færnina var síðan byggð upp með sama hætti. (sjá kafla 5.1)

Þegar horft var til náms á háskólastigi kom á óvart hvað hversu oft viðskiptafræði var nefnd einnig markaðsfræði, svolítið verkfræði en frekar fátt annað. En það sem kom sérstaklega á óvart var hvað eftirspurnin var mikil eftir fólki með allskonar iðnmenntun og stóð trésmíði þar upp úr. Einnig hvað eftirspurn var mikil eftir fólk með réttindi á sjó aðallega vélstjórn en líka skipstjórn. Þá kom á óvart hvað oft var kallað eftir fólki sem hafði menntun á sviði landbúnaðar. Það kom einnig fram þegar spurt var um færni því þar var oft kallað eftir fólki sem hafði almenna færni til að sinna bústörfum.

